

Héraðssamband Þingeyinga



Ársskýrsla 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Stjórn, nefndir og ráð HSP 2019-2021	3
Ávarp formanns	4
Skýrsla stjórnar	5
Ársreikningar	7
Skýrslur ráða, nefnda og sjóða	13
Frjálsíþróttaráð	13
Afreksmannasjóður	15
Aksturssjóður	15
Fræðslusjóður	15
Lottótölur HSP	16
Iðkendatölur HSP	17
Starfsskýrslur aðildarfélaga	18
Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar	19
Golfklúbbur Húsavíkur	19
Golfklúbbur Mývatnssveitar	20
Golfklúbburinn Hvammur	20
Golfklúbburinn Gljufri	20
Golfklúbburinn Lundur	20
Hestamannafélagið Feykir	20
Hestamannafélagið Grani	21
Hestamannafélagið Snæfaxi	21
Hestamannafélagið Þjálfri	21
Íþróttafélagið Magni	21
Íþróttafélagið Völsungur	23
Mývetningur íþrótt- og ungmennafélag	26
Skákfélagið Huginn	27
Skotfélag Húsavíkur	27
Skotfélag Þórshafnar og nágrennis	29
Ungmennafélagið Austri	29
Ungmennafélagið Bjarmi	30
Ungmennafélagið Efling	31
Ungmennafélagið Einingin	32
Ungmennafélagið Geisli	33
Ungmennafélag Langnesinga	33
Ungmennafélagið Leifur heppni	35
Heiðranir UMFÍ og ÍSÍ	36
Íþróttamaður ársins (frá upphafi)	37
Íþróttamenn ársins 2020	38
Æfum alla ævi - stefna og samantekt skýrslu	40

Þökkum styrktaraðilum okkar stuðninginn á árinu 2020



Norðurþing



Þingeyjarsveit



Skútustaðahreppur



Langanesbyggð



Grýtubakkahreppur



Stjórn Héraðssambands Þingeyinga 2019 - 2021

Formaður: Jónas Egilsson
Varaformaður: Selmdís Práinsdóttir
Ritari: Ásdís Inga Sigfúsdóttir
Gjaldkeri: Stefán Jónasson
Meðstjórnandi: Jón Sverrir Sigtryggsson

Varamenn í stjórn: Kristinn Björn Haraldsson
Sigfús Hilmir Jónsson

Skoðunarmenn reikninga 2019

Kristján I Jóhannesson
Jón Þórir Óskarsson
Til vara: Kolbrún Ívarsdóttir

Skoðunarmenn reikninga 2020

Gunnhildur Stefánsdóttir
Margrét Halla Lúðvíksdóttir
Til vara: Steinunn Ósk Stefánsdóttir

Framkvæmdastjóri: Gunnhildur Hinriksdóttir

Ráð og nefndir HSP 2020 - 2021

Frjálisþróttaráð

Gunnhildur Hinriksdóttir, gjaldkeri
Guðrún Þórhallsdóttir
Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir

Sundnefnd

Brynja Ingólfssdóttir
Heiða Guðmundsdóttir

Stjórn afreksmannasjóðs

Hermann Aðalsteinsson, formaður
Jón Friðrik Benónýsson
Ágústa Pálsdóttir
Til vara: Kolbrún Ívarsdóttir

Ávarp formanns

Nú þegar hillir undir að íþrótt- og æskulýðsstarf geti orðið eðlilegt á ný, eftir um það bil árs röskun vegna Covid-smithættu, er viðeigandi að táknrænt upphaf þess sé með þessu þingi. Þar sem þingið í fyrra var felld niður er að sumu leyti um tvöfalt þing nú. Við höfum til umræðu skýrslur síðustu tveggja ára og þurfum að afgreiða ársreikninga 2019 og 2020 á þessu þingi.

Fyrir þinginu liggja einnig margar tillögur. Viðamest er frumvarp að nýjum lögum sambandsins, en lög HSP hafa ekki verið endurskoðuð um árabíl. Í millitíðinni hafa fjölmargar breytingar verið gerðar t.d. á lögum ÍSÍ sem við erum bundin af og þurfum að innleiða svo sem heimildarákvæði um stofnun sérráða milli félaga og deilda sem stunda sömu íþróttgrein. Einnig eru ákvæði sem vantar í núverandi lög og verða að vera þar. Þó að frumvarpið sé mikið að efni er um að ræða endurröðun á gildandi ákvæðum, auk innleiðingu ákvæða sem okkur ber að taka upp.



Þá liggur fyrir þinginu tillaga um sameiningu þeirra þriggja sjóða sem sambandið hefur á sinni könnu. Sameining þessara þriggja sjóða er lögð til svo efla megi styrkveitingar, veita fleiri og stærri styrki sem skipt geta félögin og iðkendur meira máli, þá ekki síst fyrir félögin sem eru með mesta starfsemi. Það er okkur mikilvægt að hafa verkefnastyrki sem félögin geta sótt um fjármagn til og við þyrftum helst að efla þennan þátt í starfi hreyfingarinnar enn frekar frá því sem nú er.

Átaksverkefni, t.d. námskeiðshald, fræðslu- eða kynningarátak og fleira í þeim dúr, skapa líka mælikvarða á árangur á störfum. Verkefni búa til mælikvarðana, árangurinn er meiri gæði í starfinu. Það er enn fremur hvetjandi fyrir félögin sem eru með öflugan starfsemi að vera með sérstök verkefni umfram hina daglegu starfsemi. Til viðbótar skapar sterkur sjóður og úthlutanir úr honum tækifæri til að sækja fjármagn út fyrir hreyfinguna til eflingar starfseminnar, ef við getum bent á góðan árangur styrkveitinga úr sjóðnum. Það á bæði við Héraðssambandið og félögin sem fá úthlutaðan styrki, því þeir eru vottun á gæði verkefna félaganna.

Eftir um það bil árshlé á reglulegri íþróttastarfsemi er mikilvægi íþróttahreyfingarinnar að koma æ betur í ljós. „Enginn veit hvað haft hefur, fyrr en misst hefur“ segir gamalt málteki og á það á vel við hér. Innivera, lokunin og fjarvera frá reglulegri starfsemi kallar á átak okkar allra til að koma æfingum og keppni í eðlilegt horf aftur. Því er mikilvægt að sveitarfélögin standi vel að baki íþrótt- og ungmennafélögunum við að „endurreisa“ starfið – ef svo má að orði komast og vinna upp allt að því árs halla á starfinu. Stjórn HSP þarf á næstu vikum og misserum að beita sér fyrir því að sveitarfélögin leggist á árnar með ykkur í að koma hjólunum í gang að nýju.

Þó Covid hafi sett starfsemi íþrótt- og ungmennafélaga og starf HSP úr skorðum veit ég að enginn bilbugur er á sjálfbærðinni innan hreyfingarinnar. Starfsemi HSP verður á sama hátt kröftug eftir dvalann og mun standa við bakið á félögunum og vinna áfram að eflingu íþróttastarfs af fullum móði þannig við komumst sem fyrst upp úr þeirri Covid-lægð sem við höfum verið í undangengin misseri.

Starfsemi íþróttafélaganna, sjálfbærð og annarra innan hennar er mikilvægur hlekkur í samfélagskeðjunni. Á sama hátt eru héraðssamböndin og sérsamböndin mikilvægur hlekkur í heildarmyndinni með ÍSÍ og UMFÍ. Því þurfum við að vinna saman í að efla heildina – ekki bara einstaka hlekki, þar sem keðjan er ekki sterkari en veikasti hlekkurinn. Hér gildir það sem svo oft hefur verið sagt, sameinaðir stöndum vér, sundraðir föllum vér.

Ég vil færa öllum sjálfbærð og starfsmönnum íþrótt- og ungmennafélaga kærar þakkar fyrir þeirra framlag. Án ykkar væri lítið um íþrótt- og uppbyggingarstarf. Þá vil ég færa Gunnhildi Hinriksdóttur sérstakar þakkar fyrir óeigingjarnt framlag og góð störf fyrir hreyfinguna. Ég vil einnig þakka öðrum stjórnarmönnum HSP og þeim sem gengt hafa trúnaðarstörfum fyrir sambandið fyrir þeirra framlag sem er ekki sjálfsgætt.

Jónas Egilsson, formaður

Skýrsla stjórnar HSP 2020-2021

Árið 2020 var sérstakt í sögunni vegna útbreiðslu kórónuveirunnar sem hafði lamandi áhrif á samfélagið og þar með talið starf íþróttafélaga og íþróttahéraða um land allt. Ársþing HSP 2020 hafði verið boðað að færi fram á Þórshöfn í marsmánuði en veiran dreifði jafnt og þétt úr sér og þó svo að samkomutakmarkanir hefðu ekki verið settar á ákvað stjórnin að fresta þingi með það fyrir augum að vera ekki að stefna fólki saman og stuðla þannig að því að veiran bærist síður á milli landshluta.

Á stjórnarfundum þann 26. maí ákvað stjórn síðan að leggja fram þá tillögu við aðildarfélögin að fresta þinginu alfarið og halda það samhliða þinginu árið 2021 sem færi fram á Þórshöfn. Aðildarfélögunum var sent bréf varðandi fyrirkomulagið, sem fól m.a. í sér að fram að þingi 2021 verði sjóðir, lottó og skattar afgreiddir eins og samþykkt var á þinginu 2019, þó þannig að ekki kæmi til skerðinga til félaga við lottóúthlutun vegna mætingar á ársþing. Ekkert félag mælti gegn frestun né þessu fyrirkomulagi.

Það hefur því teygst á störfum stjórnarinnar um eitt ár. Frá því að ársþinginu var frestað hefur stjórnin haldið 6 fundi. Að auki hafa mál verið afgreidd rafrænt í gegnum tölvupóstsamskipti og samskipti á fésbók. Árið 2020 fleytti okkur hratt inn í tæknina, þökk sé Covid19, og hafa allir stjórnarfundir verið haldnir í gegnum Microsoft Teams forritið. Einn formannafundur var haldinn að hausti og var hann einnig keyrður í gegnum Microsoft Teams. Sá fundur var haldinn í tvennu lagi, þ.e. sérgreinafélög voru boðuð saman og svo fjölgreinafélög saman en auk fréttu frá félögunum var efni fundarins hugarflug um vinnureglur væntanlegs nýs verkefnasjóðs. Þó svo að fjárfundatæknin ætti að geta gert öllum kleift að mæta á slíka fundi þá voru aðeins mættir fulltrúar frá sjö af 23 virkum aðildarfélögum HSP.

Mæting stjórnarmanna á stjórnarfundum	5.5.2020	26.5.2020	20.10.2020	25.11.2020	18.1.2021	15.2.2021
Jónas Egilsson	x	x	x	x	x	x
Selmdís Þráinsdóttir		x	x	x	x	x
Stefán Jónasson	x	x	x	x	x	x
Ásdís Inga Sigfúsdóttir	x		x			
Jón Sverrir Sigtryggsson	x	x	x	x	x	x
Sigfús Hilmar Jónsson	x	x	x	x		
Kristinn B. Haraldsson						
Gunnhildur Hinriksdóttir	x	x	x	x	x	x

Kjöri íþróttamanns HSP var lýst á fyrsta heimaleik Völsungs í m.fl. kvenna í sumar þar sem ekkert ársþing var. Það var vel við hæfi því íþróttamaður HSP 2019 var valin Harpa Ásgeirsdóttir, fyrirlíði liðsins. Stjórn HSP vill gera kjöri íþróttamanns HSP hærra undir höfði og veitti íþróttamönnunum peningalegan styrk en auk þess lagði Sparisjóður Suður-Þingeyinga til samsvarandi upphæð og viljum við þakka þeim kærlega fyrir stuðninginn við kjörið.



Af störfum stjórnar HSP ber helst að nefna að haldið var áfram að sækja í opinbera sjóði til þess að leggja lið við verkefni tengd *Æfum alla ævi* en starf framkvæmdastjóra vegna verkefnisins var þó fært niður í 0% síðla hausts. Stjórnin afgreiddi einnig umsóknir sem bárust í aksturssjóð og fræðslusjóð. Þá lagði stjórn HSP til 1.000.000 kr. í verkefnastyrki, í gegnum heimild í reglugerð fræðslusjóðs, til þess að efla starfið „í kjölfar“ Covid19. Auglýst var eftir verkefnum og voru þau styrkt um tæp 70% af áætluðum kostnaði.

Aðildarfélög HSP hafa verið að dugleg að uppfæra lög sín, en stjórn HSP þarf að samþykkja lög allra aðildarfélaga sinna skv. reglum ÍSÍ og auk þess þurfa þau staðfestingu laganevndar ÍSÍ. Einhverjar breytingar munu eiga sér stað í aðildarfélagafloðu sambandsins á ársþinginu en verið er að vinna að því, í samvinnu við félögin sem við á, að skrá þau úr HSP eða leggja formlega niður. Samfélagslegar breytingar og íbúapróun hafa kippt fótunum undan félögum sem eiga sér jafnvel einnar aldar sögu en meiri virðing er fólgin í því að leggja niður aldagömul félög í stað þess að láta þau drabbast niður líkt og reyndin hefur orðið. Er þar m.a. að sakast við HSP en skv. lögum ÍSÍ ber sambandinu t.d. skylda til þess að halda aðalfundi félaga ef þau ekki gera það sjálf.

UMFÍ og ÍSÍ

Fundir UMFÍ og ÍSÍ voru haldnir með fjarfundasniði á árinu. ÍSÍ var með reglulegt fundahald með upplýsingum um stöðu mála vegna Covid19, sóttvarnaraðgerða og aðgerða stjórnvalda um stuðning við íþróttastarf og hafa sum aðildarfélög HSP a.m.k. notið góðs af þeim aðgerðum. Það skipti sköpum fyrir ÍSÍ að geta stuðst við starfsskýrslur félaganna í Felix í viðræðum sínum við ríkið og vill ÍSÍ árétta mikilvægi þess að upplýsingar um félaga, iðkendur og ársreikninga séu réttar. Hefðbundnir viðburðir UMFÍ voru felldir niður á árinu s.s. Unglingalandsmót UMFÍ, Landsmót 50+ og Íþróttaveisla.

Ánægjuvogin

Ánægjuvogin – spurningar um ánægju iðkenda í íþróttastarfi kom út á árinu. Iðkendur innan HSP eru í miklum meirihluta mjög ánægðir með félagið sitt, þjálfarann og finnst gaman á æfingum. Skv. skýrslunni æfa 61% 8.-10. bekkinga á landsvísu íþróttir a.m.k. einu sinni í viku, en hlutfallið er töluvert undir 50% innan HSP og ljóst að þetta er eitthvað sem gaman væri að bæta. Þá þarf að hlúa vel að börnum og unglingum af erlendum uppruna en mun algengara er að þeir taki ekki þátt í íþróttastarfi miðað við íslenska jafnaldra þeirra. Þá kemur fram í skýrslunni að innan HSP hafa mun fleiri eða 2/3 þeirra sem ekki stunda íþróttir með íþróttafélagi orðið ölvuð eða notað rafrettur a.m.k. einu sinni eða oftár um ævina á meðan hlutfallið er undir 15% meðal þeirra sem stunda íþróttir með félagi a.m.k. einu sinni í viku.

Áfram veginn

Starfið á árinu hefur verið markað af Covid19 líkt og hjá öðrum. Vegna samkomutakmarkana hafa allir haldið að sér höndum varðandi viðburði, verkefni og annað þar sem fólk kemur saman. Árið kenndi okkur þó á fjarfundatækni sem er gleðilegt því slík tækni færir okkur nær hvert öðru þó svo að vegalengdir breytist ekki. Þó er það þannig að maður er manns gaman og þrátt fyrir að fjarfundir séu frábærir fyrir upplýsingamiðlun, þá henta þeir síður þar sem margir koma saman og skoðanaskipti eru æskileg og nauðsynleg.

Þó svo að starf framkvæmdastjóra við stefnu og verkefni sambandsins *Æfum alla ævi* hafi verið lagt niður tímabundið hefur stjórn ekki lagt árár í bát með verkefnið. Við teljum enn að með aukinni samvinnu, samráði og samstarfi munum við efla starf félaganna í héraðinu. Við viljum aukna þátttöku, við viljum fjölbreytt starf svo hver og einn finni sína hreyfingu og íþrótt og við viljum efla sjálfbærni í sínum störfum í hreyfingunni. Þetta getur t.d. byrjað hér á þinginu, við höfum a.m.k. bæði lagt fram tillögur að breyttum lögum HSP og að verkefnasjóði HSP til þess að styðja betur við það starf sem fer fram í héraðinu. Stefnan sjálf og samantektin, sem unnin var 2019 á stöðu og starfi HSP og aðildarfélaganna þess, eru aðgengilegar á heimasíðu HSP undir www.hsth.is/aezum-alla-aevi. Þar geta áhugasamir m.a. lesið þróun síðustu ára. Aftast í þessari ársskýrslu er einnig að finna markmið stefnunnar, helstu atriði samantektarinnar, SVÓTgreiningu og tillögur til úrbóta.

F.h. stjórnar, Jónas Egilsson



Héraðssamband Þingeyinga

Ársreikningur 2020

Áritun stjórnar HSP

Meðfylgjandi er ársreikningur fyrir Héraðssamband Þingeyinga fyrir árið 2020. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2020 og efnahagsreikningi hinn 31. desember 2020 ásamt skýringum. Undirrituð, fyrir hönd stjórnar Héraðssambands Þingeyinga, staðfestum hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2020.

Í mars 2021,

Stjórn HSP

Jónas Egilsson [sign]

Selmdís Þráinsdóttir [sign]

Stefán Jónasson [sign]

Ásdís Inga Sigfúsdóttir [sign]

Jón Sverrir Sigtryggsson [sign]

Framkvæmdastjóri

Gunnhildur Hinriksdóttir [sign]

Áritun skoðunarmanna

Undirritaðar, skoðunarmenn Héraðssambands Þingeyinga, höfum farið yfir ársreikning sambandsins fyrir fjárhagsárið 2020. Við höfum ekkert fundið athugavert og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Mýratnssreit 8. mars 2021

Staður og dagsætning

Gunnhildur Stefánsdóttir

Gunnhildur Stefánsdóttir

Margrét Halla Lúðvíksdóttir

Margrét Halla Lúðvíksdóttir

Rekstrarreikningur HSB 2020

Rekstrartekjur		2020	2019
Framlög og styrkir	1	18.899.808	15.790.754
Aðrar tekjur	2	1.950.091	2.284.225
		20.849.899	18.074.979

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld	3	4.137.755	3.678.702
Laun og launat.gj. Æfum alla ævi		3.349.774	3.678.701
Styrkir til félaga	4	9.986.160	8.081.532
Áhöld, tæki, búningar	5	12.000	656.492
Þátttaka í mótum	6	-	170.021
Húsaleiga / rekstur mannvirkja	7	120.000	120.000
Rekstur skrifstofu	8	944.764	1.672.677
Kynning, fræðsla, útbreiðsla	9	1.964.136	1.555.089
Önnur gjöld	10	14.825	53.844
		20.529.414	19.667.058

Hag/Tap án fjármagnsliða	320.485	-	1.592.079
---------------------------------	----------------	----------	------------------

Fjármagnsliðir

Vaxtatekjur		61.622	214.228
Vaxtagjöld	-	13.556	
		48.066	214.228

Hag/Tap ársins	368.551	-	1.377.851
-----------------------	----------------	----------	------------------

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir		2020	2019
Fastafjármunir			
Áhöld og tæki	11	1.484.279	1.484.279
		1.484.279	1.484.279
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		1.764.547	1.505.139
Vörubirgðir		1.391.397	1.230.058
Handbært fé		14.180.506	12.675.165
		17.336.450	15.410.362
Eignir samtals		18.820.729	16.894.641
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðst. eigið fé 01.01.		12.173.888	13.551.739
Hag /Tap ársins		368.551	- 1.377.851
		12.542.439	12.173.888
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		109.617	28.480
Ógreitt LOTTÓ til félaga		5.763.146	4.401.495
Ógreitt v/starfsfóks		405.527	290.778
		6.278.290	4.720.753
Skuldir og eigið fé samtals		18.820.729	16.894.641

Skýringar

Rekstrartekjur

2020		2019
1 Framlög og styrkir		
Lottó ÍSÍ og UMFÍ	13.067.988	10.521.626
Aðeittasala 1x2	220.330	188.200
Rekstrarstyrkir frá Sveitarfélögum	3.665.040	3.401.360
Útbreiðslust./ósóttir vinningar ÍSÍ	736.961	771.032
Ferðastyrkir	54.489	118.536
Styrkir v. ULM	-	255.000
Styrkir ýmis fyrirtæki	5.000	35.000
Styrkir v. Æfurn alla ævi	1.150.000	500.000
	18.899.808	15.790.754

2 Aðrar tekjur

Skattarfélag	1.626.000	1.610.000
Leiga HSP tjaldi	-	165.000
Sala búninga	5.000	509.225
Tekjur v. Æfingabúða, námsk. ofl.	319.091	-
	1.950.091	2.284.225

Rekstrargjöld

3 Laun og launatengd gjöld		
Laun	6.064.880	5.973.036
Tryggingagjöld	440.601	449.422
Lífeyrissjóður	818.759	806.361
Orlofs- og sjúkrasjóður	108.289	98.554
Aðrir bifreiðastyrkir	55.000	30.030
	7.487.529	7.357.403

4 Styrkir til félaga

Lottó	9.931.671	7.993.396
Ferðastyrkir	54.489	88.136
	9.986.160	8.081.532

5 Áhöld, tæki og búningar

Búningar	-	484.206
HSP - kerra	12.000	172.286
	12.000	656.492

6 Þátttaka í mótum

Þátttökukostn. ULM	-	149.850
Ýmis kostnaður v. ULM	-	20.171
	-	170.021

7 Húsaleiga / rekstur mannvirkja

Húsaleiga skrifstofa Seigla	120.000	120.000
	120.000	120.000

8 Rekstur skrifstofu

Sími	23.160	29.190
Ríttföng	18.150	16.142
Prentun	106.170	115.370
Póstkostnaður	1.237	12.960
Funda- og þingkostnaður	186.408	466.071
Ferðakostnaður stjórnar	-	87.711
Ferðak. Fundir/þing UMFÍ og ÍSÍ	-	399.304
Tölvukostnaður	112.892	41.797
Annar skrifstofukostnaður / auglýsingar	-	4.600
Bókhald og endurskoðun	385.913	317.040
Auglýsingakostnaður	110.834	182.492
	944.764	1.672.677

9 Kynning, fræðsla, útbreiðsla

Námskeiðskostn. og fræðsluþefni	-	20.405
Fræðslusjóður	1.034.000	178.000
Ferðakostnaður v/námskeiða	-	150.000
Æfurn alla ævi	-	152.252
Afteksmannasjóður	-	500.000
Aksturssjóður	419.875	54.432
Styrkir Frjálsþr. ráð	500.000	500.000
Annar fræðslu- og útbreiðslukostn.	10.261	-
	1.964.136	1.555.089

10 Önnur gjöld

Þjónustugjöld VISA/EURO	2.050	160
Þjónustugjöld banka	12.775	6.555
Fjármagnstekjuskattur - greiddur		47.129
	14.825	53.844

11 Áhöld og tæki

Tjald - Aðaldeild	53.261	53.261
Skrifstofubúnaður - aðaldeild	526.934	526.934
Skrifstofuhúsgögn - Aðaldeild	23.016	23.016
Tímatökutæki - Aðaldeild	611.068	611.068
Yfirbyggð kerra - Aðaldeild	270.000	270.000
	1.484.279	1.484.279
Viðskiptakröfur		
Inneign hjá félögum/UMFÍ/ÍSÍ	1.764.547	1.505.139
	1.764.547	1.505.139
Vömbirgðir		
Vörur	1.391.397	1.230.058
	1.391.397	1.230.058
Handbært fé		
Sjóður aðaldeild	-	8.398
1110-26-252	4.432.840	2.623.181
1110-15-201082 - Varasjóður	9.747.666	10.043.586
	14.180.506	12.675.165

Frjálsíþróttafélag HSP kt. 640409-0610

Rekstrarreikningur 2020

Bókh.ýklar	Tekjur	Skýr.	kr.	2020	2019
11000-14999	Framlög og styrkir	1	575.364	587.274	
15000-16999	Tekjur af mótum	2	337.500	252.000	
22000-29999	Aðrar tekjur	3	1.542.837	1.223.883	
	Samtals		2.455.701	2.063.157	

Gjöld			kr.
31000-34999	Verktakagreiðslur þjálfara	4	-1.292.800
37000-39999	Áhöld og tæki	5	-35.664
40000-44999	Þátttaka í mótum	6	-169.429
45000-47999	Kostnaður v/ mótahalds	7	-78.345
48000-52999	Rekstur mannvirkja	8	0
53000-55999	Rekstur v/ yfirstjórnar	9	-9.154
56000-59999	Kynning, fræðsla, útbreiðsla	10	-41.500
65000-74999	Önnur gjöld	11	-92.680
	Samtals		-1.719.572
			-2.384.343

Hagnaður (tap) án fjármagnsliða 736.129 -321.186

Fjármagnsliðir

Vaxtatekjur	4.720	21.262
Vaxtagjöld	-1.035	-5.355
Samtals	3.685	15.907

Hagnaður (tap) ársins: 739.814 -305.279

Frjálsíþróttafélag HSP kt. 640409-0610

Efnahagsreikningur 2020

Bókh.ýklar	Eignir	kr.	2020	2019
81000-84999	Fastafjármunir	0	0	0
85000-89998	Vellufjármunir			
	Vörubirgðir	17.892	17.892	
	Úlistand.æf.gjöld	38.462		
	Handbært fé			
	1110-05-400575	1.207.052	505.745	
	1110-05-403575	114.652	114.607	
	Samtals	1.378.058	638.244	

Skuldir og eigið fé	kr.
Óráðstafað eigið fé 1.1.	638.244
Hagnaður (tap) ársins	739.814
Samtals	1.378.058
	943.523
	-305.279
	638.244

Skýringar	2020	2019
1 Ferðast.ÍsÍ	75.364	87.274
Styrkir HSP	500.000	500.000
2 Þátt.gjöld	337.500	252.000
3 Æfingagjöld	1.407.337	1.049.283
Tekjur v/æf.þúða, námsk. Off.	73.500	46.200
Ferðak.og gist. á mót	62.000	128.400
4 Verktakagreiðslur þjálfara	-1.292.800	-1.679.200
5 Íþróttahöld (áhöld, málhönd o.þ.h.)	-35.664	-30.243
6 Rátukostnaður / bílaleigubílar	-69.679	-163.268
Gisting	-45.000	-12.100
7 Verðlaunapeningar	-54.750	-177.500
Þátttökugjöld	-42.200	-66.600
Annar mótahaldskostnaður (skot)	-36.145	-4.267
8 Húsaleiga Laugar		-86.250
9 Ritföng og reikn.þækur		-3.990
Póstkostnaður	-9.154	-2.806
Auglýsingar		-17.829
10 Æfingabúðir	-41.500	
11 Þjónustugjöld banka	-8.680	-9.290
lökendagjöld FRÍ	-84.000	-131.000

9.3.21 Þrudvaldur H.

gjaldkeri

121274-4939

11.3.21

Hjónab.

Skottvinnufélag

310873-5359

Skýrslur ráða, nefnda og sjóða

Frjálsíþróttaráð HSP

Frjálsíþróttaiðkendur á HSP svæðinu biðu mörg í ofvæni eftir keppnisárinu 2020 – fyrsta „alvöru mótið“ hjá mörgum, fyrsta Unglingalandsmótið og fullt af tækifærum. Að venju var stefnan tekin á Stórmót ÍR í janúar með hóp af skemmtilegum iðkendum og svo áttu mótin að tikka inn eitt og eitt en ýmislegt varð til þess að innanhússtímabilið varð hálf endasleppt en sumrinu náðum við nokkuð góðu.

Fyrsta mót ársins var Stórmót ÍR í Laugardalshöll 18.-19. janúar og fóru þangað 8 vaskir krakkar ásamt þjálfara. Farið var á bílaleigubíl og gist á Cabin hóteli. Veðrið var heldur leiðinlegt og fór það svo að ákveðið var að halda heim á leið eftir keppni á laugardegi. Mótið gekk þó vel fyrir sig og náðu allir keppendur HSP að bæta sig í einhverri grein og þrír komust á verðlaunapall: Elísabet Ingvarsdóttir, Arnar Freyr Sigtryggsson og Hafþór Höskuldsson.

Af meistaramótunum innanhúss átti HSP fulltrúa á MÍ 15-22 ára (3 þátttakendur) og MÍ öldunga (1 þátttakandi) og náðu þar þrír á pall: Hafþór Höskuldsson (3. sæti í hástökki og þrístökki 15 ára), Halldór Tumi Ólason (2. sæti í langstökki og 3. sæti í 200m 18-19 ára) og Valgerður Jónsdóttir (1. sæti í 60m, langstökki og þrístökki 40-44 ára). MÍ 11-14 ára þurfti að fresta vegna veðurs í upphafi, en svo skall kórónuveiran á og fór það svo að ekkert varð af mótinu árið 2020 því þegar átti að halda mótið að hausti var aftur komin kórónuveira. Þá þurfti einnig að fella niður innanfélagsmót HSP (Marsmót HSP) vegna kórónuveirunnar og samkomutakmarkana af hennar völdum.

Sumarstarfið byrjaði vel og voru haldnar sólarhringsæfingabúðir á Laugum fyrstu helgina í júní fyrir 11 ára og eldri þar sem um 20 krakkar tóku þátt undir stjórn Selmdísar Bráinsdóttur og Gunnhildar Hinriksdóttur. Gist var í vallahúsinu á Laugum og var boðið upp á 3 æfingar, auk kvöldvöku, pizzuhlaðborðs og sundferðar.



Helstu mót sumarsins sem iðkendur af svæðinu tóku þátt í voru Sumarleikar HSP á Laugum, MÍ 11-14 ára á Sauðárkróki og MÍ 15-22 ára í Hafnarfirði. Á 11-14 ára mótið fóru 8 þátttakendur og náðu þau öll persónulegum bætingum eða sínum fyrstu afrekum í keppni og tveir náðu á pall: Jóhannes Líndal Benediktsson (3. sæti í 600m 12 ára) og Pétur Friðrik Jónsson (2. sæti í langstökki 13 ára). Á 15-22 ára mótið fóru 4 þátttakendur og fóru þrír á pall: Hafþór Höskuldsson (3. sæti í hástökki, 100m grind og spjótkesti

15 ára), Erla Rós Ólafsdóttir (2. sæti í spjótkesti 16-17 ára) og Alex Jónsson (2. sæti í stangarstökki 16-17 ára). Þá áttum við einn fulltrúa á MÍ öldunga, Valgerður Jónsdóttir, og skellti hún sér tvisvar á efsta pall í sínum flokki (100m og langstökk 40-44 ára).

Sumarleikarnir voru nokkuð fjölmennir að þessu sinni og fóru fram í algerri blíðu. Yfir 30 krakkar kepptu undir merkjum HSP ýmist í hefðbundnum greinum eða í fjörþraut og náðu yfir 40 bætingum auk allra þeirra sem voru að setja sín fyrstu met. Góð þátttaka var á mótinu af liðum í kringum landið en auk HSP voru keppendur af HSK svæðinu, UÍA, Akureyri, UMSS, USAH, USVH og af höfuðborgarsvæðinu. Viljum við þakka öllum þeim sjálfboðaliðum sem komu og störfuðu á mótinu innilega fyrir hjálpina, það krefst fjölda manns að halda frjálsíþróttamót og án ykkar væri þetta ekki hægt.

Jón Alexander var mikill kastari, bæði í kúluvarpi og kringlukasti og var m.a. um tíma í úrvalshópi FRÍ.



Af fleiru má nefna að æfingabúðir sem halda átti á Þórshöfn í haust hafa enn ekki farið fram vegna samkomutakmarkana og kórónuveirufaraldurs en vonandi verður ráðin bót á því á nýju ári. Vinir og æfingafélagar þurftu að kveðja góðan liðsfélaga HSP, Jón Alexander Arthúrssen, sem kvaddi þetta líf allt of snemma. Vottum við fjölskyldu og vinum innilegrar samúðar.



Frjálsíþróttaráð tilnefnir Erlu Rós Ólafsdóttur í Umf. Langesinga til íþróttamanns HSP 2020. Erla æfði ágætlega eins og sóttvarnaraðgerðir og aðstaða leyfði og lét ekki eftir sér að skutlast um 200 km leið til þess að mæta á æfingar á næsta frjálsíþróttavöll á Laugum yfir sumarið. Covid tók af okkur öll plön varðandi keppnir utan landsteinanna en Erla hefur um árabil verið einn efni-legasti spjótkastari landsins og oftast en einu sinni staðið á efsta palli í sínum aldursflokki. Árið 2020 keppti hún aðeins á tveimur mótum og varð í 1. sæti á Sumarleikum HSP í 16-17 ára flokki og 2. sæti í 16-17 ára flokki á Unglingameistaramóti Íslands. Þá var hún áfram valin í Úrvalshóp FRÍ.

Við kveðjum árið 2020 með sínum kostum og göllum og hlökkum til starfsins árið 2021.

Aðrar nefndir

Covid-ástandið sá til þess að ekkert héraðsmót var haldið í sundi árið 2020 og Unglingalandsmót UMFÍ var felld niður. Ekkert varð af störfum þessara nefnda og aðrar voru ekki starfandi milli þinga.



Afreksmannasjóður HSP 2020

Tilgangur sjóðsins er að styrkja afreksfólk, einstaklinga eða hópa innan HSP sem náð hafa framúrskarandi árangri í sinni íþrótt. Auglýst var eftir umsóknum í sjóðinn a.m.k. einu sinni en auk þess voru félögin reglulega minnt á sjóðinn með samhliða auglýsingum í aðra sjóði. Fjórar umsóknir bárust í sjóðinn á árinu að upphæð samtals kr. 1.000.000,-. Öllum umsóknum var hafnað á grundvelli þess að þær uppfylltu ekki ákvæði reglugerðarinnar. Staða sjóðsins í árslok 2020 var kr. 1.426.163,-

Í stjórn Afreksmannasjóðs 2020 voru: Hermann Aðalsteinsson, Jón Friðrik Benónýsson og Ágústa Pálsdóttir.

Aksturssjóður HSP 2020

Tilgangur aksturssjóðs er að taka þátt í ferðakostnaði vegna þátttöku barna og unglunga, 18 ára og yngri, á félagssvæði HSP í skipulögðum íþróttæfingum og/eða skipulögðu félags- og æskulýðsstarfi, á vegum aðildarfélaga HSP.

Auglýst var þrisvar sinnum eftir umsóknum í sjóðinn, vegna aksturs á vor- sumar- og haustönn 2020. Stjórn HSP fór með sjóðsstjórn og setti sér viðmiðunartölu 24 kr. per ekinn kílómetra. Alls bárust átta umsóknir á árinu vegna aksturs níu iðkenda á æfingar, ein á vorönn, tvær á sumarönn og fimm á haustönn, og voru allar samþykktar. Alls var úthlutað kr. 366.979 vegna 13.654 ekinna kílómetra. Staða sjóðsins í árslok 2020 var kr. 833.354,-.

Eftirfarandi úthlutanir voru gerðar úr sjóðnum 2020:

Æfingar sóttar	Akstur	Fj. þátt.	Eknir km	Styrkupphæð
1. úthlutun				20.064,-
Umf. Efling, sund	Mývatnssveit – Laugar	1	836	20.064,-
2. úthlutun				96.883,-
Frjálsíþróttaráð, frjálsar	Þórshöfn - Laugar	1	2400	57.600,-
Umf. Langnesinga, fótbolti og frjálsar Þórshöfn		2	1637	39.283,-
3. úthlutun				250.032,-
Húsavík, taekwondo og frjálsar	Kópasker - Húsavík	1	5000	120.000,-
Umf. Langnesinga, fótbolti og frjálsar Þórshöfn		1	2976	71.424,-
Umf. Efling, sund	Mývatnssveit - Laugar	1	988	23.712,-
Umf. Efling, sund	Mývatnssveit - Laugar	2	814	19.536,-
Frjálsíþróttaráð, frjálsar	Laugar - Húsavík	1	640	15.360,-

Fræðslusjóður HSP 2020

Tilgangur Fræðslusjóðs HSP er að stuðla að aukinni menntun og þekkingu félaga innan HSP með því að styrkja þá til þess að sækja námskeið, fundi og ráðstefnur ef stjórn sambandsins álitur það íþrótt- og félagslífi í héraðinu til framdráttar.

Vegna óvenjulegra aðstæðna í samfélaginu samþykkti stjórn HSP að veita aukaframlagi í fræðslusjóð að upphæð kr. 1.000.000,-. Tilgangurinn var að veita styrki til verkefna aðildarfélaganna sem lið í að endurræsa starfið í kjölfar Covid-19. Heimild til þessa er í 7. gr. reglugerðar fræðslusjóðs en þar segir: „Sjóðsstjórn er heimilt að veita styrki úr sjóðnum að eigin frumkvæði til verkefna sem ekki teljast til árlegra verkefna hreyfingarinnar“. Auglýst var eftir umsóknum vegna þessarar sérstöku úthlutunar í lok maí með umsóknarfrest þann 19. júní. Alls bárust sjö umsóknir í þessa sérstöku covid-úthlutun og voru verkefnin styrkt um tæp 69% af áætluðum kostnaði.

Þá var auglýst eftir hefðbundnum umsóknum í fræðslusjóð um mánaðarmótin ágúst/september. Umsóknarfrestur skv. reglugerð var 15. nóvember. Að þessu sinni barst aðeins ein umsókn í sjóðinn vegna námskeiðskostnaðar þjálfara og var samþykkt að styrkja fullan námskeiðskostnað.

Eftirfarandi fengu úthlutanir úr fræðslusjóði 2020:

Nafn	Félag	Námskeið	Styrkuppð
Covid-úthlutun:			
Afreksbraut Völsungs og FSH	Völsungur	Stuðningur vegna covid-verkefna	241.379
Kynningarvika í fótbolta - áhersla á nýbúa	Völsungur	Stuðningur vegna covid-verkefna	103.448
Markmannsþjálfun knattspyrna	Völsungur	Stuðningur vegna covid-verkefna	206.897
Séræfingar í knattspyrnu	Völsungur	Stuðningur vegna covid-verkefna	206.897
Fótboltaþjálfari 1x í viku	Umf. Langnesinga	Stuðningur vegna covid-verkefna	172.414
Frjálsþróttarþjálfari	Umf. Langnesinga	Stuðningur vegna covid-verkefna	34.483
Samstarf við Einherja	Umf. Langnesinga	Stuðningur vegna covid-verkefna	34.483
Samtals			1.000.000
Hefðbundin úthlutun			
Álfurinn Marey Eypórsdóttir	Umf. Langnesinga	ÍSí 1. stig	34.000
Alls			1.034.000 kr.

Lottógreiðslur til aðildarféлага vegna ársins 2020

Skv. tillögum stjórnar HSP var ákveðið að skerða ekki hlut félaga í lottói 2020 þar sem ekki var haldið þing árið 2020. Öll virk félög fengu þannig úthlutun m.v. fulla mætingu á ársþing. Heildarúthlutunarupphæð var töluvert hærri þetta ár heldur en undanfarin ár og er það m.a. vegna aukagreiðslna frá UMFÍ og ÍSí vegna þessa óvenjulega árs.

	Mæting	# lókendur	# Félagar	Þingfulltrúar	lök. 6-17 ára	Fél. 18+	Samtals	Skattur
	á þing	6-17 ára	18+	15%	70%	15%	Lottó	Til HSP
	2020	Felix 2020	Felix 2020	1.489.751	6.952.170	1.489.751	9.931.671	1.626.000
Akstursípróttafélag Mývatnssveitar	2/2	0	41	37.715	0	25.146	62.861	24.000
Golfklúbbur Húsavíkur	4/4	15	113	75.430	115.229	69.305	259.965	54.000
Golfklúbbur Mývatnssveitar	1/1	0	12	18.858	0	7.360	26.217	6.500
Golfklúbburinn Gljúfri	1/1	0	12	18.858	0	7.360	26.217	5.000
Golfklúbburinn Hvammur	1/1	0	0	18.858	0	0	18.858	12.000
Golfklúbburinn Lundur	2/2	0	78	37.715	0	47.839	85.554	27.000
Hestamannafélagið Feykir	2/2	7	51	37.715	53.774	31.279	122.768	26.000
Hestamannafélagið Grani	3/3	86	85	56.573	660.648	52.132	769.353	46.000
Hestamannafélagið Snæfaxi	2/2	16	73	37.715	122.911	44.772	205.399	33.500
Hestamannafélagið Þjálfari	4/4	46	96	75.430	353.370	58.879	487.679	52.500
Íþróttafélagið Magni	6/6	35	174	113.146	268.868	106.717	488.731	85.500
Íþróttafélagið Völsungur	9/9	352	350	169.718	2.704.048	214.661	3.088.428	571.000
Mývetningur	5/5	58	155	94.288	445.553	95.064	634.906	80.000
Skákfélagið Huginn	9/9	51	342	169.718	391.780	209.755	771.253	178.500
Skotfélag Húsavíkur	2/2	0	109	37.715	0	66.852	104.567	33.000
Skotfélag Þórshafnar og nágr.	1/1	0	25	18.858	0	15.333	34.191	12.500
Umf. Austri	2/2	13	59	37.715	99.865	36.186	173.766	29.500
Umf. Bjarmi	3/3	24	97	56.573	184.367	59.492	300.432	48.500
Umf. Efling	6/6	101	138	113.146	775.877	84.638	973.661	85.000
Umf. Einingin	2/2	9	56	37.715	69.138	34.346	141.199	28.500
Umf. Geisli	2/2	0	87	37.715	0	53.359	91.074	34.500
Umf. Langnesinga	8/8	80	230	150.861	614.556	141.063	906.481	119.000
Umf. Leifur Heppni	2/2	12	46	37.715	92.183	28.213	158.111	34.000

Þróun iðkenda fjölda í einstökum greinum innan HSP

Hér má líta á þróun fjölda iðkenda (allir) eftir greinum innan HSP sem unnið er upp úr innsendum skýrslum félaga í FELIX, félagatal ÍSÍ og UMFÍ og frá Skákfélaginu.

Grein	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Blak	43	105	119	170	150	171	178	199	257	211	237
Bogfimi			9	10	12	13	16	11	20	5	24
Bridge	17	16	13	13	12	12	12	12	10	10	3
Frjálsíþróttir	158	218	192	143	114	75	63	77	112	131	164
Fimleikar	83	98	48	39	24	53	61	87	37	90	58
Glíma	6	6	5	5	5	4	4	4	4	4	4
Golf	258	308	284	253	281	255	257	241	263	216	261
Hjólreiðar	8	8	8	14	8	8	8	2	7	0	2
Handbolti	48	15	61	88	102	44	34	104	68	69	75
Karate	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4
Körfubolti	12	15	15	32	24	18	6	3	3	0	0
Knattspyrna	493	509	461	485	419	442	373	527	523	527	573
Hestamenn	275	392	389	410	418	408	405	413	474	448	456
Leiklist	20	20	39	29	23	23	23	23	23	45	13
Mótorhjól og snjósléðar	36	37	40	50	51	51	51	51	45	45	50
Skíði	43	30	37	26	24	23	22	16	9	10	10
Sund	20	22	40	38	29	20	39	59	20	28	21
Skotíþróttir	42	42	23	30	31	26	65	65	65	90	90
Skák				362	371	374	378	390	325	393	393
Skógrækt	14	14	14	14	13	12	12	8	12	0	8
Taekwondo								17	19	26	11
Íþróttir fatlaðra	34	33	33	34	48	53	58	57	62	61	61
Almenningsíþróttir	29	29	29	119	115	118	60	76	86	91	110
Þrífpraut		2	3	3	2	2	0	0	0	0	0
Samtals meðlimir:	1643	1923	1866	2371	2280	2209	2129	2446	2448	2504	2628

Iðkenda fjöldi aðildarfélaga HSP 2016-2020

	2016	2016	2017	2017	2018	2018	2019	2019	2020	2020
	17 og y.	18+	17 og y.	18+	17 og y.	18+	17 og y.	18+	17 og y.	18+
Akstursíþr.f. Mývatnssveitar	0	42	0	42	0	36	0	36	0	41
Golfkl. Húsavíkur	19	88	12	104	14	105	6	108	15	113
Golfkl. Mývatnssveitar	2	16	1	14	1	22	0	13	0	12
Golfkl. Gljúfri							0	10	0	12
Golfkl. Hvammur	9	23	8	24	6	24	3	22	3	28
Golfkl. Lundur	5	95	0	78	0	91	0	54	0	78
Hestamannaf. Feykir	3	61	6	51	7	63	7	51	7	51
Hestamannaf. Grani	59	69	54	76	94	84	88	78	86	81
Hestamannaf. Snæfaxi	10	65	17	69	17	69	14	62	16	73
Hestamannaf. Þjálfí	66	72	65	75	60	80	59	89	47	95
Mývetningur íþr. og umf.	28	32	5	32	33	60	59	53	60	55
Skotf. Húsavíkur	0	65	0	65	0	65	0	65	0	65
Skotf. Þórshafnar og nágr.							0	25	0	25
Umf. Austri	14	19	5	15	3	27	17	19	17	19
Umf. Bjarmi	34	80	14	75	34	89	24	55	25	89
Umf. Efling	29	61	69	53	79	71	79	88	101	60
Umf. Einingin	8	10	7	13	5	0	1	1	10	0
Umf. Gaman og Alvara	6	9	6	9	6	9				
Umf. Geisli	4	11	5	37	5	45	0	24	0	46
Umf. Langnesinga	0	0	63	0	63	0	63	0	80	0
Umf. Leifur Heppni	21	2	21	2	18	6	10	5	12	6
Íþróttafélagið Magni	48	44	48	44	44	61	41	65	35	74
Íþróttafélagið Völsungur	383	139	512	260	349	278	436	281	386	299
Skákfélagið Huginn	67	311	69	320	47	278	57	336	51	342
Samtals	748	1003	987	1458	885	1563	964	1540	951	1664

Starfsskýrslur aðildarfélaga

Aðildarfélög Héraðssambands Þingeyinga 2020

Virk aðildarfélög:	Formaður um áramót 2020/21	Getraunanúmer 1X2
Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar	Júlíus Björnsson	
Golfklúbbur Húsavíkur	Hjálmar Bogi Hafliðason	641
Golfklúbbur Mývatnssveitar	Kristján Stefánsson	662
Golfklúbburinn Gljufri	Marínó Eggertsson	
Golfklúbburinn Hvammur	Sigurður Benediktsson	
Golfklúbburinn Lundur	Pétur Gunnar Ringsted	
Hestamannafélagið Feykir	Baldur Stefánsson	
Hestamannafélagið Grani	Bjarki Helgason	
Hestamannafélagið Snæfaxi	Jóhannes Sigfússon	
Hestamannafélagið Þjálfí	Friðrik Jakobsson	
Íþróttafélagið Magni	Þorsteinn Þormóðsson	610
Íþróttafélagið Völsungur	Davíð Þórólfsson	640
Mývetningur íþrótt- og ungmennafélag	Kristinn Björn Haraldsson	661
Skákfélagið Huginn	Hermann Aðalsteinsson (varaform.)	
Skotfélag Húsavíkur	Kristinn Lúðvíksson	
Skotfélag Þórshafnar og nágrennis	Rúnar Þór Konráðsson	
Ungmennafélagið Austri	Birna Björnsdóttir	675
Ungmennafélagið Bjarmi	Birna Davíðsdóttir	636
Ungmennafélagið Efling	Eva Hjaltalín Ingólfssdóttir	650
Ungmennafélagið Einingin	Sigurlína Tryggvadóttir	642
Ungmennafélagið Geisli	Árni Garðar Helgason	
Ungmennafélag Langnesinga	Valgerður Sæmundsdóttir	680
Ungmennafélagið Leifur heppni	Salbjörg Matthíasdóttir	671
Óvirk aðildarfélög:		
Ungmennafélagið Afturelding		681
Ungmennafélag Bakkafjarðar		
Ungmennafélagið Gaman og Alvara		
Ungmennafélag Reykhverfuna		
Ungmennafélagið Snörtur		670
Ungmennafélag Tjörnesinga		
Ungmennafélag Öxfirðinga		

Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar

Í mars árið 2020 hélt Aksturíþróttafélag Mývatnssveitar aðalfund félagsins. Á fundinum var ein breyting í stjórninni, Anton Freyr Birgisson hætti og Hallgrímur Páll Leifsson kom í hans stað sem ritari. Guðjón Vésteinsson er áfram gjaldkeri félagsins, og Júlíus Björnsson er ennþá formaður félagsins.

Þann 7. mars hélt AMS snjósléðamót og var það hluti af Íslandsmeistaramóti í snjókross og var þar keppt í 2 greinum, snjókrossi og spyrunu.

Í snjókrossinu voru um 20 keppendur og gekk keppnin vonum framar og veðrið stórglæsilegt. Í spyrunni voru keppendur um 30 og gekk sú keppni einnig vel, og voru keppendur í heildina mjög sáttir með daginn. Nokkrir meðlimir AMS kepptu í spyrunni en komust þeir þó ekki á verðlaunapall.



Júlíus Björnsson, formaður

Golfklúbbur Húsavíkur

Starfsárið 2020 var mjög gott enda kom Katlavöllur ágætlega undan vetri og mikið af innlendum ferðamönnum sem fóru um völinn. Sumarið var þó ekki nógu hlýtt. Vallarstjóri er Sigurður Hreinsson og voru tveir til þír sumarstarfsmenn á vellinum.

Stjórn klúbbsins skipa: Hjálmar Bogi Hafliðason, formaður, ásamt Karli Hannesi Sigurðssyni, Gunnlaugi Stefánssyni, Sigurjóni Sigurðssyni, Jóni Elvari Steindórssyni, Birnu Dögg Magnúsdóttur og Ragnari Emilssyni, sem jafnframt er formaður vallanefndar klúbbsins. Stjórn fundaði a.m.k. einu sinni á sex vikna fresta.

Starfið í klúbbum var með svipuðu sniði og undanfarin ár og varð eilítil fækkun klúbbfélaga. Talsverð áhersla var lögð á starf fyrir börn og unglinga. Nokkuð var um framkvæmdir á vellinum; áframhaldandi uppbygging á vökvunarbúnaði auk þess að hafin var vinna við framhaldsverkefni að leggja gervigras á malarstíga.

Spiluð eru sérstök karla- og konukvöld sem gafst vel, sérstaklega þegar litið er til þess að efla félagsandann. Tilgangurinn er félagslegur en keppni um leið enda keppt með ólíkum hætti í hvert sinni.

Æskulýðsnefnd stóð fyrir starfi í sumar og um 35 iðkendur lögðu kapp á golfið í sumar, fengu kennslu og haldið var sérstak barna- og unglingamót með uppskeruhátíð.

Ráðinn var þjálfari frá Golfklúbbi Akureyrar en það er mikilvægt að leggja rækt við barna- og unglingastarfið.

Alls fóru átta mót fram á vellinum, bæði innanfélagsmót sem og opin mót. Þátttaka var með svipuðu sniði og verið hefur.

Rekstur klúbbsins er viðkvæmur. Rík viðhaldspörf er á tækjum en unnið var eftir endurbótaáætlun á tækjakosti klúbbsins. Ljóst var að fjárfestingarþörf er nokkur en bolmagnið ekki nægilegt fyrir stærri fjárfestingar sem frestuðust því enn eitt árið.

Áfram var unnið að því að fjölga styrktaraðilum við klúbbinn og betur má ef duga skal.

Það er veikleiki í starfi klúbbsins að starfið innan hans leggst að mestu af yfir vetrarmánuðina. Liður í að koma í veg fyrir þetta voru kaup á golfhermi en finna þarf hentugt húsnæði fyrir hann. Hermirinn stendur nú ónotaður. Áfram er unnið að því að efla vetrarstarfið þannig að klúbburinn sér heilsársafþreying. Sveitarfélagið Norðurþing hefur ekki sýnt klúbbum áhuga umfram hefðbundinn rekstrarstyrk og ekki viljað koma að því að aðstoða við að finna vetraraðstöðu fyrir klúbbinn.

Uppbyggingaráform á nýju húsnæði hefur staðið í stað enda er boltinn hjá sveitarfélaginu þrátt fyrir ítrekaðar óskir stjórnar klúbbsins. Unnið er að því markmiði í samstarfi við sveitarfélagið Norðurþing sem hefur ekki staðið við sinn hluta uppbyggingarsamningsins. En uppbyggingaráform klúbbsins á nýjum skála/mannvirki eru á ís á meðan sveitarfélagið tekur ekki af skarið.



Hjálmar Bogi Hafliðason, formaður

Golfklúbbur Mývatnssveitar

Stjórn GKM árið 2020:

Formaður	Kristján Stefánsson
Gjaldkeri	Guðjón Vésteinsson
Ritari	Daníel Ellertsson
Varamenn	Hinrik Árni Bóasson, Ellert Hauksson



Aðrir embættismenn:

Form. vallarnefndar	Sigurður Baldursson
Form. mótanefndar	Ellert Hauksson
Form. forgj. nefndar	Kristján Stefánsson
Skoðunarmenn reikn.	Brynjólfur Steingrímsson, Egill Steingrímsson

Gestakomur á Krossdalsvöll slógu öll met þetta árið og voru vallargjöld ca. helmingi meiri en í meðalári frá stofnun klúbbsins, þökk sé covid.

Félagsstarf GKM 2020 var lítið, ekkert mót var haldið hvorki innafélagsmót eða opið mót og er þetta annað árið í röð sem það er.

Sumarstarfsmaður sá um slátt á brautum og grinum en Skútustaðahreppur sá um slátt á röffi og var völlurinn í þokkalegu standi eftir mjög snjópungan vetur.

Félagafjöldi hefur lítið breyst frá síðasta ári og gengur illa að fá nýja féлага inn í þetta frábæra sport sem golfið er. En við gefumst ekki upp og vonum að einhverjir sjái að hamingjan er GOLF.

Kristján Stefánsson, formaður

Golfklúbburinn Gljufri

Vegna þess ástands sem ríkt hefur í landinu síðasta ár vegna Covid veirunar hefur starfsemi klúbbsins legið niðri, félagar hér heima fyrir hafa þó sinnt um að halda vellinum í leikhæfu ástandi með lágmarks vinnu og tilkostnaði. Félagsgjöld voru ekki innheimt á árinu af sömu ástæðu.

F.h. stjórnar Jón Grímsson

Golfklúbburinn Hvammur

Verið er að ganga frá eigum og skuldum félagsins og leggja það niður.

Sigurður Gauti Benediktsson,
formaður



Golfklúbburinn Lundur

Sumarið 2020 er ellefta starfsár golfklúbbsins. Megin starfsemi golfklúbbsins er fyrst og fremst að byggja upp félagsstarfsemi í kringum Lundsvöll í Fnjóskadal. Rekstur Lundsvallar er alfarið í höndum Golfklúbbs Akureyrar, en golfskálinn Stekkur er alfarið í höndum Lundsgolf ehf. sem er í eigu landeiganda. Golfklúbburinn Lundur hefur afnot af Lundsvelli og skálanum, en sér alfarið um öll golfmót sem haldin eru og kennslu félagsmanna í samvinnu með GA. Engar eignir eru skráðar á klúbbinn og ekkert mannhald er á vegum klúbbsins.

Völlurinn kom mjög illa undan vetrinum, allar flatir voru ónýtar og var mikið farið yfir það hvort borgaði sig að opna völinn. Þrátt fyrir áfallið vegna skemmda var ákveðið að opna völinn. Laugardaginn 20. júní opnaði síðan Lundsvöllur fyrir félagsmenn og allri almenningi umferð golfspilara.

Í lok sumars voru skráðir í golfklúbbinn 15 félagsmenn, með fulla aðild og 25 með auka aðild. Kynjahlutfall félaga er 15 konur og 25 karlar.

Mótahald

Þar sem völlurinn var mikið skemmdur eftir veturinn, og eins út af covid ástandi, var ákveðið að ekkert mótahaldi yrði þetta sumarið. Þegar leið á sumarið var ákveðið að halda eitt mót innan klúbbsins, okkar árlega Rafeyri vanur/óvanur var síðan haldið 12 júlí. Þar mættu til leiks 40 einstaklingar. Ákveðið var síðan að halda okkar árlega Coca-Cola mót um verslunarmannahelgina, þar mættu til leiks 35 aðilar. Ekkert meira var gert í mótahaldi.

Stjórn klúbbsins telur eftirfarandi:

Formaður:	Pétur Ringsted
Gjaldkeri:	Bjarni Rúnar Sigurðsson
Ritari:	Halla Sif Svavarsdóttir
Meðstjórnandi:	Valdemar Örn Valsson
Meðstjórnandi:	Kjartan Snorrason

Pétur Ringsted, formaður



Hestamannafélagið Feykir

Það var engin starfsemi hjá Hestamannafélaginu Feyki árið 2020 vegna covid og anna hjá stjórnarfólki. Sama stjórn og áður situr, Salbjörg, Baldur og Petronella Hannula.



f.h. Stjórnar, Salbjörg Matthíasdóttir

Hestamannafélagið Grani

Starf Grana á árinu 2020 litaðist mjög af því ástandi sem Covid-19 hefur skapað hér eins og annars staðar. Við náðum þó að koma að viðburðum fyrir faraldurinn þrátt fyrir óvenju erfiðan vetur veðurfarslega.

Í janúar komu Granafélagar saman í reiðhöllinni og fylgdust með beinni útsendingu frá Meistaradeildinni í hestaíþróttum og boðið var upp á pizzur. Eins var morgunhittingur í Bústólpahöllinni nokkra laugardagsmorgna þar sem hellt var uppá, málin rædd og dittað að ýmsu.



Laugardaginn 22. febrúar héldu hestamannafélögin Þjálfí og Grani hestamót sem kallað hefur verið Þorraþræll og er þetta í annað sinn sem félögin standa að þessum viðburði. Mótið fór fram í Bústólpahöllinni og tóku alls 24 pör þátt en keppt var í þremur flokkum, barnaflokki, minna og meira vanir.

Undirbúningur fyrir barnanámskeið var nær lokið þegar samkomutakmarkanir skulu á og lokað var fyrir notkun reiðhallarinnar vegna sóttvarna.

Frá byrjun mars var sáralítill starfsemi hjá Grana það sem eftir lifði árs. Þegar létt var á samkomubanni var farið í tiltektir og lagfæringar á reiðleiðum og girðingum.

Aðalfundur Grana var þó haldinn 25. Júní og var stjórnin endurkjörin. Þremur dögum síðar var landssýningu kynbótahrossa streymt beint í höllinni. Allir stærri viðburðir eins og Landsmóti og Íslandsmóti hestamanna var aflyst á árinu.

Bjarki Helgason, formaður

Hestamannafélagið Snæfaxi

Stjórn hestamannafélagsins Snæfaxes:

Formaður: Jóhannes Sigfússon, Gunnarsstöðum
Gjaldkeri: Steinunn Anna Halldórsdóttir, Sauðanesi
Ritari: Katharina Winter, Þórshöfn
Meðstjórnendur: Eggert Stefánsson, Laxárdal
Gísli Jónsson, Þórshöfn

Vegna covid19 lá starfsemi Snæfaxes niðri árið 2020.

F.h. stjórnar,
Steinunn Anna



Hestamannafélagið Þjálfí

Félagið hélt tvö mót á árinu. Stórmót Þjálfí var haldið að venju helgina eftir verslunarmannahelgi og heppnaðist vel, þrátt fyrir að veiran væri að banka á öxlina á okkur, um 100 skráningar voru til keppni, veður var gott og allt gekk eins og best verður kosið.



Mývatn Open var haldið 7. mars í einmuna veðurbliðu og mættu margir góðir knapar, einnig þó nokkuð af áhorfendum. Daginn áður var farið í reiðtúr á Mývatni og riðið út í eyju þar sem Sel - Hótel Mývatn gaf öllum knöpum hressingu. Var reiðtúrin vel sóttur.

Þjálfí átti fulltrúa í Hæfileikamótun LH 2020 og einnig áttum við knapa í Knapamerkjánami.

Firmakeppni Þjálfí féll niður þetta árið þar sem covid takmarkanir skulu á áður en að móti kom.

F.h. Stjórnar, Jón Sverrir Sigtryggsson

Íþróttafélagið Magni

Aðalfundur Íþróttafélagsins Magna var haldinn í nýju félags og vallahúsi félagsins 19. maí 2020.

Arnþór Pétursson, Gísli Gunnar Oddgeirsson, Jón Helgi Pétursson, Stefán Hrafn Stefánsson og Þorsteinn Þormóðsson voru kosnir áfram í stjórn og einnig kom Hjörtur Geir Heimisson nýr inn í stjórn Magna sem er skipuð 6 mönnum. Þorsteinn Þormóðsson var kjörinn formaður. Þorsteinn flutti út til Noregs á haustdögum og hætti sem formaður og í stjórn félagsins, nýr formaður verður kosinn á næsta aðalfundi félagsins. Ný lög félagsins voru lögð fram og samþykkt einróma, gömlu handskrifuðu lögin uppfylltu ekki kröfur nútímans og voru barn síns tíma.



Íþróttastarf Magna var með hefðbundnu sniði í byrjun árs, en í lok febrúar og byrjun mars þá helltist yfir okkur heimsfaraldur eða Covid-19 sem stendur enn yfir þegar þetta er skrifað. Íþróttahreyfingin í landinu stóð fyrir miklum breytingum og hömlur voru settar á allt íþróttastarf í landinu, fórum við í einu og öllu eftir þeim reglum sem settar voru. Æfingar féllu niður í nokkrar vikur meðan mesti kúfurinn gekk yfir, en smá saman fór íþróttaiðkun að lifna við þegar leið á vorið og sumarið. Það var mikil áskorun fyrir stjórnendur, þjálfara og iðkendur félagsins að takast á við þetta krefjandi verkefni, öllum reglum og öllum kröfum var afar vel tekið af iðkendum

félagsins og fyrir það ber að þakka vel og innilega. Að okkar mati stóð íþróttahreyfingin í landinu sig mjög vel í að tækla Covid-19.

Nýtt vallarhús félagsins var tekið í notkun í ágúst og verður það gríðarleg lyftistöng fyrir félagið, á neðri hæð hússins eru búningasklefar fyrir heimamenn og aðkomulið, einnig er þar dómaraklefi og svo nokkur salerni fyrir áhorfendur. Fallegt og vel búið félagsheimili er svo á efri hæð hússins ásamt salernum og skrifstofu. Húsið er um 240 m² að stærð. Vegna Covid 19 þurfti að notast við klefa sundlaugar Grenivíkur áfram fyrir útiliðin þannig að við náðum ekki að vera með bæði lið í nýja húsinu sökum sóttvarnareglna vegna Covid-19. Það verður líf og fjör í húsinu þegar bæði heima og útilið ásamt dómurum verða á sama stað.



Fótboltinn er aðal íþróttagreinin að venju. Magni rekur mjög öflugt barnastarf og kappkostar að veita öllum iðkendum verkefni við hæfi. 5. flokkur Magna tók þátt í Íslandsmóti á vegum KSÍ. Einnig var farið með alla yngri flokka á mót um allt

land. Yngri flokkar Magna eru með öflugt og sterkt for-eldrafélag. Félagið hefur mjög hæfan þjálfara sem sér myndarlega um alla yngri flokka og skipuleggur starfið afar vel. Margir þessara krakka æfa einnig fótbolta með Akureyrarafélögunum, KA og Þór. Nokkrir krakkar eru á fimleikaæfingum á Akureyri og skautaæfingum líka. Einnig eru nokkur börn að æfa dans á Akureyri.

Meistaraflokkur Magna lék í Lengju-deildinni eða næst efstu deild í sumar og er það 3. árið sem við leikum í þeirri deild. Mótið var svo blásið af í lok október eftir 20 leiki, að sjálfsögðu var það afleitt að geta ekki klárað mótið því lið Magna óx ásmegin þegar leið á tímabilið. Þurftum við að bíta í það súra epli að vera í næst neðsta sæti deildarinnar einungis einu marki frá sæti í deildinni, því mun Magni spila í 2. deild 2021.



Mikill hugur er í mönnum á Grenivík og hefur gengið ágætlega að fjármagna stafið, enda höfum við getað leitað til afar sterkra fyrirtækja sem hafa tekið okkur mjög vel, styrkt starfið mjög myndarlega og staðið þétt við bakið á okkur. Undanfarin ár höfum við lagt mikinn metnað í beinar útsendingar á Youtube-rás Magna, sýnum við beint frá heimalaikjum meistaraflokks og einnig flestum heimalaikjum yngri flokka.

Grenivíkurvöllur er glæsilegur, mikill metnaður er að hafa hann góðan og fallegan og er aðstaða við völlinn afar góð. Mikið hefur verið gert á síðustu árum, stúka fyrir alla



íbúa hreppsins er við völlinn, blaðamannaaðstaða, sjoppa og svo nýtt félagsheimili og vallarhús, því er aðstaða við Grenivíkurvöll frábær inn í nánustu framtíð. Kvenfélagið Hlín og Karlfélagið Hallsteinn gáfu félaginu veglega gjöf, hjartastuðtæki í vallarhúsið, höfðingleg gjöf sem mun nýtast vel í framtíðinni og skapa gott öryggi allra sem koma að félaginu.

Íþróttafélagið Magni er kannski ekki stórt félag, en félagið er með stórt hjarta og mikil samstaða er meðal fólks að halda úti öflugu íþróttastarfi á Grenivík. Það ríkir bjartsýni í félaginu og til að sveitarfélag geti þrífist þá þarf að halda úti góðu og öflugu íþróttastarfi.



Gísli Gunnar Oddgeirsson, framkvæmdastjóri Magna

Íþróttafélagið Völsungur

Aðalstjórn Völsungs

Það er ljóst að starfsemi Völsungs hefur litast all hressilega af þessum "fordæmalausum tímum" sem við lifum á. Nýjar og ókunnugar aðstæður hafa dúkkað upp fyrirvaralaust aftur og aftur frá því í mars og ljóst að álagið á öllum þeim sem starfa fyrir Völsung hefur sjaldan verið meira. En eins og ávallt hafa þeir sem kjósa að starfa fyrir félagið okkar staðið upp og leyst þau verkefni sem fyrir liggja með myndarskap og fyrir það langar okkur í aðalstjórn að þakka mikið vel fyrir.



Það urðu nokkrar mannabreytingar í stjórn á aðalfundi sem haldinn var í júní. Bergþóra Höskuldsdóttir, Hallgrímur Jónsson og Eva Björk Káradóttir létu öll af störfum og þökkum við þeim kærlega fyrir gott og óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Í þeirra stað komu Jóna Björg Pálmadóttir, Hilmar Valur Gunnarsson og Ásta Hermannsdóttir. Davíð Þórólfsen tók við af Bergþóru sem formaður aðalstjórnar og Jóna Björg leysti Hallgrím af sem gjaldkeri.

Völsungur er einn af hornsteinum samfélagsins í Norðurþingi og það er ánægjulegt að sjá að félagið er í stöðugum vexti. Greiðandi félagsmenn, 18 ára og eldri, telja nú um 1.000 og iðkendur í skipulögðu starfi félagsins eru rétt um 600 talsins. Rúmlega 50 manns voru á launaskrá Völsungs á árinu 2020 og veltan á félaginu var rétt tæplega 107 milljónir árið 2019. Völsungur er með mjög öflugt starfsfólk sem hefur sinnt starfi sínu frábærlega við erfiðar aðstæður í ár. Þó þetta fólk sé öflugt þá myndi starfsemin aldrei ganga jafn vel og raun ber vitni ef ekki væri fyrir alla þá sjálfboðaliða sem koma að starfinu. Við erum heppin að hafa jafn vel mannaða sveit sjálfboðaliða sem vinna gríðarlega mikilvægt starf í öllum deildum félagsins. Fyrir það viljum við þakka.

Allir þeir sem vilja starfa við félagið á einhvern hátt eru að sjálfsgöngu velkomnir og um að gera fyrir þá sem hafa áhuga á að starfa fyrir Völsung eða jafnvel bara kynna sér starfsemi félagsins að kíkja við í félagsaðstöðunni í Vallarhúsinu. Þar er alltaf heitt á könnunni.

Almenningsíþróttadeild

Lýðheilsuvika Völsungs fór fram í fyrsta skipti í lok júlí. Afar vel gekk að fá fyrirtæki og félagasamtök til að taka þátt í verkefninu, m.a. var boðið upp á jóga, kynningu á sjósundi, ný Enduróbraut sem liggur frá útsýnisbílstaðinu á Reykjaheiði og niður að Botnsvatni var vígð, Botnsvatnshlaup, strandblakmót auk tveggja fyrirlestra.

Skjálbandamótið, stigamót í götuhjólreiðum, fór fram í fyrsta skipti laugardaginn. 20 júní. Skemmst er frá því að segja að mótið tókst frábærlega og þátttaka var virkilega góð þrátt fyrir að aðeins hafi verið boðað til mótsins með rúmlega tveggja vikna fyrirvara. Rétt um 90 hjólarar tóku

þátt, þar af eini atvinnumaður Íslands í hjólreiðum, Ingvar Ómarsson en hann sigraði í elítuflokki karla. Húsvíkingar áttu einnig sína fulltrúa. Vonast er til þess að mótið verði haldið á ný árið 2021.

Hlaupahópurinn Skokki átti nokkuð farsælt ár þrátt fyrir Covid 19. Gamlárshlaupið var á sínum stað að venju. Tveir meðlimir Skokka tóku þátt í vetrarmótaröð UFA á Akureyri. Samtals var um að ræða fimm hlaup sem fóru fram mánaðarlega.

Í febrúar varð hlaupahópurinn Skokki 10 ára. Upphafið má rekja til þess þegar að nokkrir aðilar sem höfðu verið að hlaupa í sitthvoru lagi ákváðu að koma saman á laugardögum og hlaupa saman sér til gamans og heilsu-bótar.

Um miðbik sumars var mótahald leyfilegt og átti hlaupahópurinn Skokki fulltrúa í fjölmörgum hlaupum innanlands. Sett var glæsilegt brautarmet Botnsvatnshlaupinu í karlaflokki en þar var að verki Sigurjón Ernir Sturluson sem náði að verða sá fyrsti til að klára hlaupið á undir 30 mín. Ljóst er að afar erfitt verður að slá þann tíma.

Að vanda var eitthvað um að meðlimir Skokka færu í vettvangsferðir út fyrir Húsavík s.s. í Jökulsárgljúfur, Hvammsheiði, Hellnasel auk þess sem góður hópur gekk á Búrfell um miðbik sumars. Vonandi verður meira um þessar sérferðir á næsta ári enda eru þetta oftast en ekki æfingarnar sem standa upp úr þegar árið er gert upp.

Fimleikar

Fimleikaæfingar þetta haustið hófust í byrjun september. Iðkendur á haustönn voru í kringum 50 talsins. Æfingum er skipt niður í þrjá hóp sem eru leikskólahópur, 1.-3. bekkur og 4.-10. bekkur. Þrátt fyrir skrítið ár hefur gengið vel á æfingum og iðkendur hafa haldist áfram þrátt fyrir stöðugar breytingar á æfingaskipulagi vegna Covid-19 og brottfall verið lítið.

Í sumar ferðaðist karlalandslið Íslands í hóp fimleikum um landið og setti upp sýningar. Ein slík var sett upp hér á Húsavík. Auk þess fengu börn síðan að gera æfingar undir handleiðslu landsliðsins. Tilgangurinn var að sýna stráka í fimleikum og á sama tíma hvetja stráka til að koma æfa fimleika en því miður hefur verið halli á kynjahlutfalli í fimleikum þar sem stelpur eru í miklum meirihluta. Það er einnig staðan hjá okkur hér í Völsungi. Því hvetjum við alla stráka til að gefa fimleikum tækifæri og prófa að mæta á æfingu.



Handknattleikur

Handbolti hefur verið í vexti síðustu ár innan Völsungs og byrjun ársins 2020 var ekkert frábrugðið því, þangað til að Covid-19 setti strik í reikninginn. Því miður skiluðu sér ekki allir iðkendur aftur á æfingar þegar þær voru leyfðar að nýju og ekki gátum við haldið einu fjórðuninu sem handboltadeildin hefur verið með síðustu ár, Sölkumótið í handbolta fyrir 7. & 8. flokk.

Við fórum spennt af stað í haust með æfingar en því miður skiluðu sér ekki eins margir á æfingar aftur en við höfðum það gaman saman. HSÍ sendi til okkar Gunnar aðstoðarþjálfara landliðsins og Jónatan þjálfara KA en þeir komu til okkar með æfingahelgi fyrir krakka til 12 ára aldurs.



Íþróttaskólinn

Íþróttaskóli Völsungs hefur verið vinsæll hjá iðkendum undanfarin ár og árið 2020 var þar engin undantekning. Á vorönn 2020 áttum við eðlilega önn fyrstu tvo mánuðina en þurftum svo að aflýsa öllum tímum vegna COVID faraldursins. Í haust hefur mætingin farið fram úr björtustu vonum, 56 börn voru skráð í íþróttaskólann haustið 2020 og hafa ekki verið fleiri í mörg ár!

Blak

Mfl. kvk. tók þátt í 1. deild síðast liðinn vetur 2019-2020. Þjálfari var Guðbergur Egill Eyjólfsson en hann tók að sér að þjálfar bæði meistaraflokkslið Völsungs þetta keppnistímabil. Ákveðið var að spila deild neðar og tefla fram í leikjum öflugum hóp ungra stelpna, en liðið hafði leikið í úrvalsdeild þrjú undanfarin ár. Nokkuð var á brattann að sækja þennan vetur, liðið hafnaði í neðsta sæti deildarinnar með 11 stig. En reynslunni ríkari eru stelpurnar og komu tvíflidar til leiks í haust.

Í sumar var ákveðið að ráða hingað þjálfarapar frá Ungverjalandi þau Tami og Tomi, þau eru bæði að spila fyrir m.fl. og hafa tekið að sér alla þjálfun þ.e. bæði meistaraflokkslið kvk og kk og einnig alla yngri flokka. Þau koma einnig að þjálfun í almenningsblaki.

Karlalið Völsungs tók þátt í 2. deild Íslandsmótsins í blaki tímabilið 2019-2020. Liðið var skipað kornungum leikmönnum að mestu ásamt örfáum eldri reynsluboltum þeim til stuðnings. Þessir ungu og efnilegu strákar eru skráðir til leiks í Íslandsmót 2020-2021 en keppni í neðri deildum hefur enn ekki hafist.

Nú er þriðja sumarið liðið sem við njótum þess að geta spilað strandblak á strandblakvöllum sem staðsettir eru við bókasafnið. Skemmtimótin voru tvö í sumar sem heppnuðust frábærlega þar sem keppendur voru ýmist iðkendur úr blakinu og svo einnig óvanir sem sýndu svakalega góða takta sem segir manni að blakið er fyrir alla.

Yngriflokkastarfið hefur farið vaxandi síðustu ár. Um 40 iðkendur voru í 3. - 6. flokki. Keppt var á Íslandsmóti og bikarmóti. Í febrúar urðu bæði 3. og 4. flokkur karla í öðru sæti í bikarkeppninni. 3. flokkur varð einnig í 2. sæti á Íslandsmótinu og 4. flokkur í því þriðja. Á móti í Mosfellsbæ tryggði 3. flokkur stúlkna sér Íslandsmeistaratitilinn með miklum yfirburðum. Krakkarnir eru að standa sig mjög vel á landsvísi í öllum flokkum og gaman er að sjá framfarirnar hjá hverjum og einum eftir hvert mót. Með nýju þjálfurunum og miklum metnaði allra þeirra sem standa að starfinu í kringum blakið á Húsavík verður ekki langt í það að við verðum með blakfólk frá Húsavík í fremstu röð á Íslandi.



Boccia

Mjög svo sérstakt ár er að baki, en árið hófst með hefðbundnum hætti, æfingar hófust strax eftir áramót af miklum krafti og væntingar til ársins voru miklar, einmitt árið sem flestir í hópnum ætluðu að toppa á sínum ferli. Þjálfarar þeir sömu og áður þau Rannveig Þórðardóttir og Kristján Valur Gunnarsson, eins og fyrr hlupu stjórnarmenn í skarðið og aðstoðuðu eftir þörfum. Æfingar hjá fötluðum voru tvisvar í viku á meðan allt lék í lindi, iðkendur eru rúmlega 20 og var mæting og ástundun þeirra góð, þá er einnig öflugt boccia-starf hjá eldri borgurum en á þeirra vegum eru iðkendur um 35.

Fyrsta mót ársins „Opna Húsavíkurmótið í boccia“ var í febrúar og er fastur liður í starfi boccideildarinnar með góðum stuðningi Kiwanisklúbbsins Skjálfanda. Kiwanismenn sáu um alla dómgæslu, merkingu valla og koma að undirbúningi mótsins með bocciadeildinni. Kiwanisfélagar slógu ekki slóku við frekar en fyrri daginn og komu með 20 dómaraþoli fyrir deildina til að nota á mótum, þakkir til Kiwanisklúbbsins. Mótið tókst í alla staði vel, góð þátttaka að venju og mættu 36 lið til keppni. Það sýnir að bæjarbúar og fyrirtæki eru tilbúin að styðja við bakið á boccia deildinni með þátttöku, en þetta er fjórðun fyrir deildina í formi firmakeppni.



Húsavíkumeistararnir í boccia 2020 urðu „Öræfabræður“ Ásgrímur Sigurðsson og Kristján Valur Gunnarsson, Lækjarvöllum, hlutu þeir að launum glæsilegan farandbikar sem gefinn var á sínum tíma af Norðlenska ehf og var nú keppt um í áttunda sinn. Í öðru sæti urðu „Græningjarnir“, Kristbjörn Óskarsson og Kristján Þór Magnússon, Norðurþingi, og þriðja sæti „Meistararnir“, Jóna Rún Skarphéðinsdóttir og Sigmar Stefánsson, Trésmiðjan Rein ehf.

Einnig var afhentur „Hvatningarbikar ÍF“ sem bocciamaðurinn Bjarni Þór Bjarnason hlaut að þessu sinni. Bikarinn er farandbikar gefinn af Íþróttasambandi Fatlaðra og veittur árlega þeim einstaklingi sem að mati stjórnar bocciadeildar og þjálfara sýnir bestu ástundun, eljusemi í starfi og góðar framfarir. Handhafi bikarsins var fyrst valinn 1995.

Vegna Covid-veirunnar var öllum mótum vorsins frestað. Á haustdögum hófust svo æfingar aftur á fullu og var mikill hugur í mannskapnum. Mót sem halda átti í haust voru þó slegin af vegna veirunnar og svo voru allar æfingar stöðvaðar og Íþróttahöllinni lokað og ljóst að haust tímabilið er fyrir bíl!

Á liðnu ári fengu félagar í boccia-deildinni viðurkenningar, Vilberg Lindi Sigmundsson og Hildur Sigurgeirsdóttir voru valin Boccia-fólk Völsungs 2019. Vilberg Lindi einnig kjörinn bocciamaður HSP. Voru þau vel að þessum viðurkenningum komin.

Knattspyrna - Meistaraflokkar

Mfl. karla: Jóhann Kristinn Gunnarsson endurnýjaði samning sinn sem þjálfari meistaraflokks karla til tveggja ára síðastliðið haust og tók einnig við nýmótuðu starfi yfirmanns knattspyrnumála hjá Völsungi. Mikil ánægja hefur verið með störf Jóa og teljum við að með auknu hlutverki inn í yngri flokkana takist okkur að festa enn frekar í sessi fastmótaða stefnu um hvernig við viljum sjá knattspyrnuþjálfun á Húsavík. Löngum hefur knattspyrnu-starfið verið rómað hér á landsvísu og viljum við enn frekar spýta í við að viðhalda því orðspori sem og gera vel í starfinu á sama tíma.

Jóna Birna Óskarsdóttir tók við sem styrktarþjálfari meistaraflokka ásamt unglingaflokkum allt árið um kring og hefur hún unnið frábært starf þar, bæði á undirbúnings-tímabili og svo í sumar í endurheimt á milli ansi þétt-spilaðra leikja.

Enn sem áður kappkostum við að byggja okkar lið upp á heimamönnum. Bæði gamalreyndir reynslujálfarar ásamt minna reyndum mönnum í bland við unga drengi sem eru að stíga sín fyrstu skref. Við töldum og teljum enn að við höfum verið með afskaplega spennandi og framúrskarandi flinkt lið í höndunum í sumar. Deildin byrjaði illa og var stigasöfnunin rýr. En það borgaði sig að hafa fulla trú mannskapnum því menn bitu í skjaldarrendur og voru t.a.m. á þriggja leika sigurgöngu þegar deildin var flautuð af. Þá sátum við í 10. sæti og höldum því sæti okkar í mjög svo sterkri 2. deild.

Mfl. kvenna: Liðið vann sig upp í Lengjudeildina sumarið 2019. Markmiðið var að halda sér þar uppi og mikill hugur í liðskonum. Aðalsteinn Jóhann Friðriksson tók við þjálfun liðsins í upphafi ársins. Æfingátímabilið fór vel af stað en síðan út af svolitlu breyttust æfingarnar í fjarþjálfun og reyndi þá mikið á sjálfsagann og seiglu.

Fyrsti leikur stelpnanna í Íslandsmótinu var svo loks þann 21. júní eftir mikla bið. Eðli málsins samkvæmt var þétt spilað og álagið því mikið. Liðið átti einn leik eftir þegar mótið var stoppað sem skipti þó ekki máli varðandi stöðu í deildinni og ljóst var að við færum niður um deild eftir sumarið.

Vegna ástandsins komst markmaðurinn sem ætlaði að standa á milli stanganna ekki til landsins og þá voru góð ráð dýr. Tveir erlendir leikmenn léku með liðinu í sumar en þar fyrir utan samanstóð liðið af heimastúlkum sem Völsungshjartað slær sterkt í. Þær sýndu góðan leik og börðust eins og ljón en uppskáru því miður ekki sem skyldi. Boltinn vildi ekki í markið fram eftir sumri og heppnin var ekki með okkur í liði. Þrátt fyrir að stigin hafi ekki verið mörg í sumar átti liðið frábæra leiki, spilaði vel saman og óx og dafnaði með hverjum leik.

Yngri flokkar knattspyrnu

Barna- og unglingaráð heldur utan um starfsemi yngri flokka hjá Völsungi og halda úti æfingum fyrir iðkendur á aldrinum 4-16 ára. Iðkendur eru á bilinu 180-190 talsins og er starfið gríðarlega öflugt svo eftir því er tekið á landsvísu. Á árinu hlaut knattspyrnudeildin jafnréttisverðlaun á ársþingi KSÍ og erum við stolt af því.

Völsungar hafa reynt sitt besta til að halda vel utan um iðkendur sína á öllum aldri þrátt fyrir allt og allt.. Flokkarnir okkar tóku þó þátt í Íslandsmótunum og sumir iðkendur voru svo heppnir að komast á helgarmót.

Eins og gengur og gerist þá urðu úrslitin bæði jákvæð og neikvæð en við kjósum að horfa í litlu sigrana jafnt og hina stóru. Framfarir og bætingar á vellinum eru augljós hjá liðunum í grænu þetta árið. Það er gaman að sjá unga og efnilega iðkendur taka næsta skref og alveg ljóst að framtíðin er björt. Það verður að minnast á skemmtilegan sigur 4. flokks drengja í átta manna fótbolta á Íslandsmótinu sem þeir unnu með glæsibrag í úrslitakeppni í Hafnarfirði. Til hamingju með titilinn strákar og þjálfarar!



Mývetningur – íþrótt- og ungmennafélag

Um áramótið voru skráðir félagar í Mývetningi 205. Í stjórn félagsins sátu Kristinn Björn Haraldsson (formaður), Linda Björk Árnadóttir (gjaldkeri), Jón Friðriksson (ritari), Anna Dagbjört Andrésdóttir og Sylvía Ósk Sigurðardóttir (meðstjórnendur). Haldnir voru 10 stjórnarfundir á árinu og aðalfundur félagsins var haldinn 27. febrúar.

Í janúar til mars var boðið upp á fjölbreytta tíma fyrir börn á grunnskólaaldri. Ásgeir Bogi Arngrímsson var með körfuboltaæfingar fyrir alla aldursflokka grunnskólans og Sandra Haraldsdóttir var með þrek/frjálsíþróttæfingar fyrir 6.-10. bekk einu sinni í viku. Sandra sá einnig um frístund þrisvar sinnum í viku. Við fengum líka heimsókn frá Þórólfi Sveinssyni frá Knattspyrnuakademíu Norðurlands en hann var með helgarnámskeið í lok febrúar fyrir alla aldursflokka grunnskólans.



Þann 15. mars var öllum íþróttæfingum frestað vegna sóttvarnaraðgerða ríkisstjórnarinnar vegna Covid-19 veirunnar og hófust æfingar ekki aftur fyrr en í byrjun maí. Það er óhætt að segja að Covid-19 veiran hafi haft mikil áhrif á starf félagsins árinu. Hið árlega páskaþing féll niður vegna samkomutakmarkanna og Öldungamót Blaksambands Íslands var aflýst. Ákveðið var að færa Mývatnsmarðon og Hraunhlaupið fram í ágúst í þeirri von að hægt væri að halda hlaupin. Þeim var á endanum aflýst.

Hreyfivika UMFÍ fór fram 23.-28. maí og voru ýmsir viðburðir á vegum Mývetnings. Þórólfur frá Knattspyrnuakademíu Norðurlands mætti og var með tveggja daga knattspyrnunámskeið, Valerija Kiskurno var með Zumba, Anna Dagbjört Andrésdóttir og Linda Björk Árnadóttir voru með ratleik, boðið var upp á fjölskyldufjallgöngu á Vindbelg ásamt hinna árlegu ruslahreinsun.

Í byrjun sumars var strandblaksvöllurinn vígður. Ekki reyndist þó unnt að hafa formlega vígsluathöfn vegna



samkomutakmarkanna. Sumarstarf félagsins var smærra í sniðum heldur en síðustu tvö sumur, en boðið var upp á 2 leikjanámskeið í umsjón Söndru Haraldsdóttur. Mikil þátttaka var á námskeiðin, en mest mættu 17 börn í einn tímann.

Siguróli Kristjánsson (Moli) hjá KSÍ kom í heimsókn í júlí með verkefnið „Komdu í fótbolta“, en þetta er annað sumarið í röð sem hann kemur til okkar. Gaf hann öllum þeim sem mættu fótbolta að gjöf.



Frá September til áramóta voru þrekæfingar fyrir 6.-10. bekk í umsjón Söndru Haraldsdóttur. Ásgeir Bogi Arngrímsson var með körfuboltaæfingar og Linda Björk Árnadóttir var með dansnámskeið. Ragnar Baldvinsson og Marge Neissar sáu síðan um frístund. Þórólfur Sveinsson frá Knattspyrnuakademíu Norðurlands kom síðan í lok nóvember og var með helgarnámskeið.



Á haustdögum tók sig til vaskur hópur sjálfbóðaliða með það markmið að standsetja skíðasvæðið við Kröflu. Hefur það verk gengið mjög vel þrátt fyrir gríðarmikla vinnu, en um áramót voru vinnustundirnar komnar yfir 1000 klst. Stefnan er að hefja skíðaæfingar í byrjun árs 2021.

Í desember var haldið veglegt jólahappdrætti í staðinn fyrir hið árlega jólaþing og heppnaðist það gríðarlega vel. Kunnum við þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem styrktu félagið okkar bestu þakkir.

Árið 2020 var krefjandi vegna heimsfaraldurs Covid-19 og þökkum við öllum þeim sem lögðu okkur lið eða komu að verkefnum ársins á einn eða annan hátt. Mikill kraftur er í starfinu og það verður spennandi að sjá hvað árið 2021 hefur upp á að bjóða.

Kristinn Björn Haraldsson, formaður

Skákfélagið Huginn

Starfsemi Skákfélagsins Hugins árið 2020 litaðist mjög af covid-19 á árinu.

Árlegt meistaramót félagsins fór þó fram á venjulegum tíma í febrúar á Vöglum. Rúnar Ísleifsson varð meistari félagsins annað árið í röð.



Engin önnur skákmót fóru fram í raunheimum á árinu vegna covid-19. Ekkert varð af Framsýnarmótinu sem venjulega fer fram í október sem átti að verða mjög stórt vegna samstarfs við Taflfélag Reykjavíkur og útgerðar-fyrirtækið BRIM. Eins tókst ekki að halda Skákþing Norðlendinga í raunheimum sem átti að fara fram á haustmánuðum.

En þar sem mjög auðvelt er að halda skákmót eða skákæfingar á netinu hét félagið mörg slík á árinu og Skákþing Norðlendinga varð eitt þeirra. Þar bar Rúnar Sigurpálsson sigur úr bítum. Andri Freyr Björgvinsson varð í öðru sæti og Tómas Veigar Sigurðarsson varð þriðji.

Okkar árlega hraðskákmót fór einnig fram í netheimum og þar varð Tómas Veigar Sigurðarson hlutskarpastur. Rúnar Ísleifsson varð í öðru sæti og Sigurður Daníelsson varð í þriðja sæti.

Ekkert var teft á Íslandsmóti skákfélaga á árinu 2020 vegna covid-19 og niðurstaða vegna mótsins 2019-2020 liggur ekki enn fyrir. Alls óvíst er hvort þetta mót verði klárað og allt eins líklegt að mótið verði fellt niður og byrjað að nýju í október 2021.

Reglubundnar skákæfingar færðust yfir á netið á vefþjónum sem heitir tornelo.com og þar hélt félagið um 15 skákæfingar á árinu. Þáttaka var með ágætum en 14 skákmenn mættu til leiks þegar mest var, enda mun auðveldara að tefla í tölvunni heima heldur en keyra langar leiðir í sumum tilfellum til þess að tefla yfir borðið.

Ljóst er að skákæfingar hjá félaginu munu halda áfram á netinu á næstunni, í bland við æfingar og skákmót í raunheimum í framtíðinni.

Aðalfundur félagsins var haldinn í október og þar þar helst til tíðinda að ákveðið var að félagið verði lagt niður í núverandi mynd snemma á árinu 2021.

Í Stjórn félagsins sátu: Jón Eggert Hallson form. Hermann Aðalsteinsson, Jón Þorvaldsson, Pálmi Pétursson, Jóhanna Björg Jóhannsdóttir, Snorri Sigurðsson og Kristján Eðvarðsson.

F.h. stjórnar, Hermann Aðalsteinsson

Skotfélag Húsavíkur

Árið 2020 var vægt til orða tekið skrítið og öðruvísi ár. Covid-19 setti strik í reikninginn hjá félaginu eins og víðast hvar annars staðar. Æfingabönn, keppnisbönn og fólk hvatt til að vera ekki að hitta aðra en sína allra nánustu. Það auðvitað kom sér afar illa þegar verið er að byggja hús og nánast öll vinna er unnin í sjálfbóðaliðastarfi og helst máttum við ekki hittast. Þetta varð augljóslega til þess að nýja húsið fór nánast á „hold“ í næstum þrjá mánuði.



Félagið stendur vel og er alveg skuldlaust. Þótt Covid-19 hafi vissulega haft áhrif þá kom lognmolla í sumar hvað það varðar, tilslakanir og allt virtist vera á réttri leið.

Það var nauðsynlegur tími fyrir lítið félag eins og okkar þar sem flestar okkar tekjur og okkar starfstími er sumarið. Þessi pásar sem kom í sumar tel ég að hafi haldið skotfélaginu almennilega gangandi.

Aðalfundur Skotfélags Húsavíkur var haldinn 16. febrúar 2020 þar sem kosið var í nefndir og stjórnir. Í stjórn var Kristinn Lúðvíksson kosinn sem formaður, Gylfi Sigurðsson sem gjaldkeri og Gunnólfur Sveinsson, Sigurður Karlsson og Tryggvi Berg Friðriksson kosnir sem meðstjórnendur. Þá voru Dagur Ingi Sigursveinsson og Önnundur Kristjánsson kosnir varamenn.

Ekki hefur orðið mikil aukning félagsmanna frá fyrra ári en á félagaskrá eru ca. 110 einstaklingar, árið þar á undan var aukning um tæp 35%, eftir þeim upplýsingum sem næst verður komist í Felix kerfinu, kerfinu sem heldur utan um félagsmenn. Samkvæmt því er aldurskiptingin þessi í einfaldri mynd: 30 einstaklingar á aldrinum 15-30 ára, þar af ein kona, 35 einstaklingar á aldrinum 31-45 ára, þar af tvær konur og 45 einstaklingar á aldrinum 46-70 ára. Barnastarf er ekki í boði í þessum íþróttum en undanþágu er hægt að veita fyrir þá sem eru orðnir 15 ára og eldri, þótt skotvopnaleyfi fái ekki fyrr en 20 ára.

Undanfarin ár hefur skotfélagið haft einskonar uppskeruhátíð en sökum Covid-19 var ekki talið gáfulegt að gera slíkt í ár. Sem er miður því þetta þéttir mannskapinn saman og skapar létt andrúmsloft í félaginu.

Grein birtist í Skotvísar blaðinu árið 2020 þar sem stiklað var á stóru um Skotfélag Húsavíkur, uppbygginguna sem þar á sér stað, staðsetningu og hvað við höfum upp á að bjóða. Virkilega skemmtilegt að fá auglýsingu í slíku blaði, þar sem markhópurinn okkar er. Í þessari skýrslu er stiklað á stóru og farið yfir helstu atriði sem skotfélagið hefur verið að vinna að á liðnu starfsári. Þá er einnig farið yfir þær upptækur, viðburði og áfanga sem félagið náði að koma á legg árið 2019.

Uppbygging og ný félagsaðstaða

Á starfsárinu hefur risið ný bygging á félagssvæðinu sem hýsir almennt starf félagsins. Framkvæmdir hófust

sumarið 2019 og á árinu 2020 hefur húsið verið reist og klætt að utan, að frátalinni vinnu við þakskegg og minniháttar frágang. Húsið hefur verið einangrað og klósett stúkað af. Þá var kalt vatn lagt að svæðinu og salerni tengt. Þrátt fyrir mikla skerðingu á starfsemi sökum Covid-19 hefur húsið nú þegar nýst féluginu við mótahald.

Framkvæmdir við bygginguna hafa stjórnast af fjárhag félagsins en fimm ára styrktarsamningur var gerður við sveitarfélagið Norðurþing í byrjun árs 2019 vegna byggingarinnar og því var ljóst frá upphafi að framkvæmd þessi yrði langtímaverkefni. Þrátt fyrir það hefur verið gengið hraðar fyrir sig en vonir stóðu til og er þar ekki síst að þakka öflugum byggingaverktaka, honum Hermanní Sigurðssyni. Hugur er í félagsmönnum að halda áfram á sömu braut við frágang hússins og eykst þá þörf fyrir rafmagn á svæðinu. Líklega þarf þó að sníða stakk eftir vexti og er það álit byggingarnefndar að betra sé að taka minni skref og vanda til efna og verka. Stefnt er að því að ganga frá að utan og að búið verði að koma rafmagnsgrind, jafnvel töflukassa og rafmagnsrörum í húsið í byrjun komandi árs. Þá hefur húsið svo gott sem verið klætt alveg að innan. Einnig stendur til að klára minniháttar frágang við ríffilhús sem ekki var lokið. Byggingarnefnd þakkar öllum þeim sem lögðu hönd á plóg.

Yfirlit ríffilmóta og ríffilsvæðis

Eins og öllum er efalaust ljóst var starfsemi á ríffilvellingum með minnsta móti vegna Covid-19 þetta starfsárið. Prófdómarar gátu þó tekið einstaklinga í skotpróf inni á milli og voru tekin 21 próf. Haldið var eitt ríffilmót í Varmint for Score á 200 og 300 metra færum. Haldið var eitt mót í flokki stökkbreyttra ríffla. Síðan var haldið Íslandsmeistaramót í Bench Rest flokki Varmint for score. Önnur mót sem til stóð að halda voru felld niður. Lítið var gert á ríffilsvæðinu enda lítið þar um að vera. Engar framkvæmdir voru á svæðinu nema lagfæring á böttum fyrir mót og sláttur á ríffilbraut.

Það er þó vert að hafa í huga að Íslandsmótið í Bench Rest sem Skotfélag Húsavíkur hélt í byrjun september, hafi verið rós í hnappagat félagsins. Mikið var lagt upp úr því að taka hið nýja félagshús sem verið er að byggja, í notkun fyrir mótið. Það tókst vonum framar. Hægt var að taka á móti öllum keppendum, ásamt þeim starfsmönnum sem störfuðu við mótið. Umfang við slík mót er töluvert. Hið nýja hús félagsins kom að afar góðum notum. Nokkuð auðvelt var að framfylgja tveggja metra reglu og engin þrengsli sköpuðust. Mótið tókst í alla staði mjög vel. Vallarmenn stóðu sig með miklum ágætum og er það mál allra þeirra sem komu til keppni, víðs vegar af landinu, að þetta Íslandsmót í ríffilskotfimi, hafi verið eitt það best heppnaða sem haldið hefur verið hér á landi. Þá má einnig geta þess að fyrsta ríffilmót ársins sem haldið var á velli félagsins í lok júní, var eitt stærsta mót ársins á landinu, þátttakendur voru 16 og komu þeir frá öllum landshornum. Það má því með sanní segja að skotmót á Húsavík, séu eftirsótt og alltaf góð mæting á þau.

Einstaklingar í féluginu náðu að keppa á nokkrum mótum víðsvegar um landið en þau verða ekki öll talin upp hér en

þó ber að taka fram þá einstaklinga sem unnu til verðlauna á þeim mótum sem haldin voru á Skotvelli Húsavíkur:

Gylfi Sigurðsson

2. sæti á 100 mtr Húsavík VFS 100/200 mtr opinn flokkur.

1. sæti á 200 mtr Húsavík VFS 100/200 mtr opinn flokkur.

2. sæti 200/300 mtr VFS flokkur Húsavík.

Wimol Sudee

1. sæti 200/300 mtr VFS flokkur Húsavík.

Rosa Millan

2. sæti Akureyrarmeistaramót 50BR.

1. sæti á 200 mtr Bench Rest mót Akureyri.

Kristján Arnarson

3. sæti Íslandsmeistaramót 50 BR HV flokkur.

3. sæti Íslandsmeistaramót Bench Rest samanlagt.

2. sæti á 100 mtr Íslandsmeistaramót Bench Rest.

3. sæti 200/300 mtr VFS flokkur Húsavík.

Yfirlit leirdúfumóta og leirdúfusvæðis

Opið var þrisvar í viku í allt sumar á leirdúfuellingum sem er jafn oft og árið áður. Aðsókn var sem áður mjög góð og björt framtíð er á leirdúfuellingum vegna ungra og nýrra félaga sem láta sig ekki vanta á opnanir. Heildarfjöldi opnana yfir sumarið náðu þó ekki sama fjölda og í fyrra sökum Covid-19 og er það mat haglanefndar að það hafi haft töluverð áhrif.

Ekki þótti þörf á að fara í endurbætur á leirdúfusvæðinu ár. Stjórn telur völlinn vera í ágætis ásigkomulagi en þó er farið að styttest í að það þurfi að mála upp á nýtt, bera grasfræ á völlinn og mála gám sem hýsir leirdúfukasta og aðrar eigur félagsins yfir vetrarmánuðina. Haldin voru sjö Compak Sporting mót og eitt Skeet mót yfir árið 2020 á móti tíu mótum 2019 en aftur er það Covid-19 að kenna þar sem við gátum hvorki haldið páska- né jólamót. Langt er um liðið síðan Skeet var skotið hér á leirdúfuellingum okkar en okkur bauðst að halda Norðurlandsmeistaramót í Skeet og skoraðist félagið ekki undan því og tókst það frábærlega til. Keppendur voru átta og hefðu mátt vera fleiri en fleiri eru að færast úr Skeet yfir í Compak Sporting. Mótið gekk í alla staði mjög vel þrátt fyrir leiðinlegt veður.

Hér verður stiklað á stóru um leirdúfumót ársins og sigurvegara þeirra sem haldin voru hjá Skotfélagi Húsavíkur:

- 23. maí var fyrsta mót ársins í Compak Sporting, 75 dúfna innanfélagsmót með sjö keppendum. Tryggvi Berg Friðriksson sigraði með 67 dúfur.
- 13. júní var haldið Vermismót í Compak Sporting. 75 dúfna mót þar sem 14 keppendur tóku þátt. Sigurður Karlsson stóð upi sem sigurvegari með 73 dúfur.
- 18. júní var haldið 75 dúfna kvöld mót í Compak Sporting. Keppendur voru 13 og sigraði maður að nafi Ævar Sveinn Sveinsson með 73 dúfur.
- 28. júní var Miðnætur mót Sparisjóðsins haldið og mættu alls 15 keppendur. Grétar Þór Björnsson sigraði það mót með 69 dúfur af 75.
- 4. júlí var Hlaðmótið, 100 dúfna mót þar sem níu keppendur mættu og var keppt í tveimur flokkum, vanir og

óvanir. Í vönum sigraði Gunnar Þór með 96 dúfur og Gunnar Páll Magnússon sigraði í óvönum með 83 dúfur.

- 18. júlí var haldið 100 dúfna Húsavíkurmeistaramótið í Compak Sporting sem styrkt var af Norðlenska. Vannst mótið á hvorki meira né minna en 98 dúfum af 100. Alls mættu 13 keppendur til leiks og keppt var í tveimur flokkum. Sá sem sigraði í óvönum var Dagur Ingi Sigursveinsson með 85 dúfur og í vönum var það Sigurður Karlsson sem stóð uppi sem sigurvegari með 98 dúfur eins og áður segir. Eftir verðlaunaafhendingu voru bornar á borð kræsingar frá Norðlenska.
- 15. ágúst var haldið hið árlega Víkurrafsmót. 75 dúfna mót á mjög óhefðbundnum skotpöllum eins og venjan er. Keppendur voru sex talsins og sigraði Sigurður Karlsson í 1. flokki með 69 dúfur og Dagur Ingi Sigursveinsson sigraði 2. flokk með 60 dúfur.
- 12. september - NLM OPEN, fyrsta Skeet mótið sem skotfélagið hefur haldið lengi var Norðurlandsmeistaramót í Skeet 2020. Átta keppendur tóku þátt og ákvað mótsstjóri í samráði við keppendur að keyra mótið á einum degi í stað tveggja eins og upphaflega var gert ráð fyrir vegna veðurs og fárra keppenda. Niðurstaðan eftir daginn var sem hér segir, Norðurlandsmeistari karla 2020 var Guðlaugur Bragi Magnússon með 107 dúfur. Norðurlandsmeistari kvenna 2020 var Snjólaug María Jónsdóttir með 74 dúfur.

Tekjur og styrkir

Helstu tekjur félagsins eins og síðastliðin ár koma inn af félagsgjöldum, lyklagjaldi af ríffilhúsi, hreindýrprófum og opnunum á leirdúfuvelli. Þá hefur skotfélagið séð um verklega þáttinn í skotvopnanámskeiðum UST hér í nágrenni Húsavíkur og fær greitt fyrir það en ekkert varð af því í ár. Samningur er við Norðurþing til fimm ára (fjögur ár eftir) og fær félagið greitt árlega um það bil 600.000 kr.- gegn því að félagar sinni áramóta- og þrettándabrennu. Félagið sótti einnig um 10 milljón kr.- styrk til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins árið 2019 en fékk þar af aðeins 1,5 milljón sem greiddist að fullu út árið 2020.

Samantekt

Skotfélagið er stöðugt, félagsmönnum fjölgar frekar en hitt og er eftirtektarvert. Uppbygging á svæðinu heldur áfram og stækkar félagið sífellt við sig. Félagsmenn stóðu sig gríðar vel, sóttu mót hjá öðrum félögum og unnu til verðlauna hér og þar. Nýja félagsaðstaðan var tekin í notkun og er það stórt skref í sögu félagsins, sér í lagi þar sem loks er komið rennandi vatn. Skotfélagið stefnir á að láta áfram á sér bera og halda áfram uppbyggingu. Eins og í öðrum smáum félögum þá væri Skotfélag Húsavíkur ekki það félag sem það er í dag nema fyrir hjálp félagsmanna, áhuga þeirra og traust. Allt unnið og haldið við í sjálfbærni.

Skotfélag Þórshafnar og nágrennis

Félagið hefur enn ekki hafið neina skipulagða starfsemi þar sem ekki hefur tekist að finna svæði fyrir starfið.

Rúnar Konráðsson, formaður

Ungmennafélagið Austri

Eins og hjá öllum íþróttafélögum, þá hafði heimsfaraldurinn áhrif á iðkun skipulagðra íþrótta og mótahald en við reyndum að nýta þann tíma sem hægt var eftir bestu getu.



Æfingar

Boðið var upp á íþróttæfingar/leikjanámskeið í júní og júlí fyrir börn á aldrinum 6 – 10 ára. Æfingar voru 4 x í viku og var börnum frá Kópaskeri/Öxarfirði boðið að koma. Mjög góð þátttaka var. Gunnhildur Hinriksdóttir kom og stýrði einni æfingu í júní.

Blakæfingar hjá fullorðnum voru 1-2x í viku yfir vetrartímann þegar það mátti sökum Covid. Og eins og undanfarin ár hafa eldri borgarar á Raufarhöfn verið mjög duglegir að mæta í íþróttahúsið og hreyfa sig saman þegar það hefur verið hægt.



Annað

19. júlí kom Siguróli Kristjánsson frá KSÍ í heimsókn og var með kynningu á fótbolta á pönnuvelli. Þetta var hluti af verkefninu „Komdu í fótbolta með Mola“. UMF Austri hefur lagt inn pöntun hjá KSÍ á slíkum velli og vonandi verður hann kominn í gagnið fyrir sumarið.

UMF Austri hafði umsjón með Kvænna- hlaupi ÍSÍ eins og undanfarin ár. Einnig skipulagði UMF Austri fjölskyldudag 17. júní í samvinnu við Norðurþing. Í boði var ratleikur, hoppukastali og grill. Þá kom Steinar lögregluþjónn að okkar beiðni í júní og fór yfir hjólin hjá krökkunum og ræddi mikilvægi hjálmanotkunar.



Ekkert Ásbyrgismót var í ár. Í bígerð er að nefnd, sem skipuð er fulltrúum allra ungmennafélaga í N-Þingeyjarsýslu, endurskipuleggi Ásbyrgismót með það að markmiði að gera helgina að fjölmennri fjölskylduhelgi.

Iðkendur var boðið að fara á fótboltanámskeið á vegum Fóboltaakademíu Norðurlands sem haldið var á Þórshöfn 4. – 5. desember.

UMF Austri lagði til fjármagn og tvo fulltrúa í nefnd um tækjakaup í íþróttahúsið. Söfnun hefur gengið nokkuð vel og er búið að kaupa þó nokkuð af tækjum og búnaði. Samstarfssamningur við Norðurþing var endurnýjaður til þriggja ára.

Aðalfundur UMF Austri var haldinn 9. júní í Grunnskóla Raufarhafnar. Ein breyting varð á stjórn, þar sem Margrét Sigríður Höskuldsdóttir kom inn í stað Angelu Agnarsdóttur. Lög félagsins voru endurskoðuð og gerðar nokkrar breytingar.

UMF Austri sótti um styrki til að setja upp frísbílgolfvöll og er kominn styrkur frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu upp á kr. 500.000. Stefnt er á að setja upp völl í sumar.

Félaginu bærust góðar gjafir á árinu. Hjónin Jóhann Þórarinnsson og Sigríður Valdimarsdóttir gáfu samkomutjald og Pétur Björnsson gaf félaginu heita pottinn sem staðsettur er við sundlaugina. Vonandi sér Norðurþing sér hag í því að reka pottinn, enda kærkomin viðbót og vel sóttur af sundlaugargestum.

Í stjórn UMF Austri eru:

Birna Björnsdóttir formaður

Nanna Steina Höskuldsdóttir gjaldkeri

Karítas Ríkhartósdóttir ritari

Olga Friðriksdóttir

Margrét Sigríður Höskuldsdóttir

Birna Björnsdóttir, formaður

Ungmennafélagið Bjarmi

Aðalfundur Bjarma 2020 var haldinn í Gamla Barnaskólanum í Skógum þann 8. mars 2020 og var mæting góð. Stjórn Bjarma skipa Birna Davíðsdóttir formaður, Helen Jónsdóttir ritari og Jón Þórir Óskarsson gjaldkeri. Formenn nefnda frá júní 2020 til júní 2022 eru: Fótboltanefnd: Hermann Hauksson, Íþróttanefnd: Aníta Guttesen, Ferðaþjónustunefnd: Sigríður Karlsdóttir, Vallarnefnd: J. Bjarki Jóhannesson, Húsnefnd: Jón Þ. Óskarsson, Ferðanefnd: Sindri Geir Óskarsson, Spílanefnd: Nanna Þórhallsdóttir, Ballnefnd: Sigríður Árdal og Skíðanefnd: Rúnar Ísleifsson.

Nefndarstörf félagsins voru nokkuð hefðbundin á árinu. Íþróttanefndin sá um að skipuleggja íþróttæfingar barna yfir vetrarmánuðina en meðal annars var boðið

uppá íþrótt- og leikjanámskeið, badminton og körfubolta. Bjarmi bauð upp á leikfimi fyrir 60+ í samstarfi við Stórutjarnaskóla einu sinni í viku undir stjórn Olgu íþróttakennara og voru þó nokkrir sem nýttu sér það á meðan hægt var. En æfingar lögðust af vegna heimsfaraldurs á vormánuðum og var ekki boðið upp á leikfimi fyrir 60+ á haustmánuðum. Nokkur hópur barna og fullorðinna Bjarmafélaga stunduðu knattspyrnu, frjálssíþróttir, íshokki, blak og fleiri íþróttir í nágrenna sveitum á meðan það var hægt.



Síðastliðið sumarið var haldið leikjanámskeið á Bjarmavelli auk þess sem ungmenni hittust og spiluðu fótbolta einu sinni til tvisvar í viku. Ferðaþjónusta var með minna móti en þó voru haldin a.m.k. þrjú ættarmót á Bjarmavelli í sumar. Ákveðið var í ljósi aðstæðna að halda ekki Bjarmahátíð í ágúst 2020 eins og undanfarin ár. Vegna covid var heldur ekkert Bjarmaball í haust en stefnt er að því að hafa það bara enn veglegra næst. Sólstöðuganga Bjarma á Hálshnjúk féll líka niður, ekki vegna covid heldur vegna jarðskjálftahrinu við Gjögurtá. En Björgunarsveitin Þingey hélt sitt Fjöгурraskógahlaup þann 25. júlí, með aðstöðu á Bjarmavelli. Hlaupið tókst vel og var mæting góð, enda covid í lægð á þeim tíma.

Þess má einnig geta að Bjarmi og Skógræktin stóðu saman að lagningu skíðagöngubrautar í Vaglaskógi í nokkur skipti í febrúar og mars og einnig náðist að spora í eitt skipti fyrir jólin 2020.



Líkt og undanfarin ár fundaði stjórnin nokkrum sinnum bæði formlega og óformlega. Formannafundur Bjarmanefnda var á Bjarmavelli 9. júní og vinnukvöld í framhaldi af honum. Nokkuð góð mæting var þar sem dittað var að húsinu og vellinum og grillaðar pylsur á eftir. Ársþingi HSP, sem vera átti 14. mars á Þórshöfn, var frestað um ár. Við vonum sannarlega að við getum mætt í Þórsver á Þórshöfn 20. mars í ár. Í nóvember 2020 mætti formaðurinn á vel heppnaðan rafrænan formannafund HSP.

Stjórn Bjarma þakkar sjálfbóðaliðum fyrir vel unnin störf





á árinu 2020 og einnig þökkum við Skógræktinni, Björgunarsveitinni Þingey og HSP fyrir gott samstarf.

Stjórn Bjarma, Birna, Helen og Jón

Ungmennafélagið Efling

Covid-árið 2020 hafði nokkur áhrif á starf Umf. Eflingar líkt og hjá öðrum íþrótta- og ungmennafélögum um land allt. Í upphafi árs ákvað leiknefnd að vera ekki með leikrit að vori líkt og verið hefur heldur taka frekar fyrir verk að hausti. Það var í raun lán í óláni því eins og átti eftir að koma í ljós urðu samkomutakmarkanir til þess að leikstarf lagðist niður víða um land og óvíst að félagið hefði einu sinni náð frumsýningu. Sem betur fer hafði leikdeildin ekki lagt út í neinn kostnað vegna þessa. Þannig var nú starf leiknefndar á liðnu ári. Skammtilegt er samt að segja frá því að sjónvarpsstöðin N4 gerði þátt um leikstarfið hjá félaginu í lok árs sem var sýndur nú í byrjun 2021.



Aðalfundur félagsins fór fram í miðjum samkomutakmörkunum þann 26. mars 2020 og var honum streymt á Facebook. Formaður félagsins, Eva Hjaltalín, var endurkjörin til eins árs og Gunnhildur Hinriksdóttir gjaldkeri var endurkjörin til tveggja ára. Varamenn voru einnig endurkjörnir þeir Pétur Ingólfsson og Andri Hnikarr Jónsson. Áfram situr í stjórn Aðalsteinn Már Þorsteinsson ritari. Nefndir félagsins eru nokkrar: Í blaknefnd eru Ari Heiðmann Jósavínsson, Aðalsteinn Már Þorsteinsson og Kristján Örn Sævarsson. Bogfiminefnd skipa Guðný Ingibjörg Grímsdóttir, Tómas Gunnarsson og Guðmundur Smári Gunnarsson. Golfnefnd skipa Andri Hnikarr Jónsson, Víðir Pétursson og Guðmundur Smári Gunnarsson. Íþrótta- nefnd sem áður hefur verið sérstaklega skipað í er nú sett saman úr einum fulltrúa úr stjórn ásamt einum fulltrúa frá blak-, bogfimi- og golfnefnd. Leiknefnd skipa Freydis Anna Arngrímsdóttir, Hörður Þór Benónýsson, Magnús Már Þorvaldsson, Þorgerður Sigurgeirsdóttir og Gunnhildur Hinriksdóttir. Í minjanefnd eru Baldur Danielsson, Guðrún Sædis Harðardóttir, Gréta Ásgeirsdóttir og Hörður Þór Benónýsson. Í umhverfisnefnd eru Baldur Danielsson, Bryndís Fjola Pétursdóttir og Aðalbjörg

Tryggvadóttir. Þjóðhátíðarnefnd skipa Krístrún Kristjánsdóttir, Járnbrá Björg Jónsdóttir og Pétur Ingólfsson. Þorra- blótsnefnd skipa Þorgerður Sigurgeirsdóttir, Jón Friðrik Benónýsson, Sigurlaug Svavarsdóttir, Robert Statkiewicz, Olga Marta Einarsdóttir og Hilmar Örn Sævarsson.

Barna- og unglingastarf

Íþróttastarf barna- og unglinga hélt áfram eftir áramót með æfingum í sundi, frjálsíþróttum og leikjum, fótbolta og bogfimi. Ein æfing var í viku í hverri íþróttagrein utan að bætt var við tíma í sundi og þreki í frjálsum. Sömu þjálfarar héldu áfram og voru á haustönn, Rebekka Lind sá um sundið ásamt Hönnu og Benediktu, Gunnhildur um frjálsíþróttir eldri, Erla Rós um frjálssar og leiki hjá yngri, Guðmundur Smári um bogfimi og Einar Örn og Guðmundur Gígjar um fótbolta. Um miðjan mars var öllu í- þróttastarfi hætt að skipan sóttvarnafirvalda vegna kór- ónuveirunnar og náði æfingabannið fram í maí.

Stjórnin ákvað að bjóða upp á leikjanámskeið að sumri auk íþróttæfinga. Tvö vikulöng leikjanámskeið voru haldin í byrjun júní, strax og grunnskólinn fór í sumarfrí, og sá Benóný Arnórsson um þau námskeið. Þá var boðið upp á íþróttæfingar fyrir 10 ára og yngri 2x í viku og tvær fótboltaæfingar fyrir ~10-11 ára og eldri og sá Benóný Arnórsson einnig um þær æfingar. Frjálsíþróttæfingar fyrir 11 ára og eldri voru tvisvar í viku með frjálsíþróttar- ráði HSP og voru þjálfarar þar Gunnhildur Hinriksdóttir og Selmdís Þráinsdóttir. Ekki var farið á nein fótboltamót en iðkendur tóku sumir þátt í Sumarleikum HSP og kepptu á Meistaramótum Íslands í frjálsíþróttum í sínum aldurs- flokkum. Þar náði bestum árangri Pétur Friðrik Jónsson en hann varð í 2. sæti í langstökki með góða bætingu og stökk 4,85m og eins varð hann í 4. sæti í 100m hlaupi í 13 ára flokki.



Í september hófust æfingar að nýju innanhúss. Sund var í boði 2x í viku fyrir eldri (~3.-4.b) og 1x í viku fyrir yngri. Þjálfarar voru Rebekka Lind Baldursdóttir og Benedikta Diljá Pétursdóttir. Frjálssar/leikir fyrir 4.b og yngri voru í Ýdolum 1x í viku. Þjálfarar voru Erla Rós Ólafsdóttir og Ingunn Elsa Apel Ingadóttir. Blakæfingar fyrir 5.b og eldri voru 2x í viku, þjálfari var Lísbet Óla Jørgensen Steins- dóttir auk aðstoðarmanns. Fótbolta fyrir 1.-10. bekk 1x í viku, þjálfarar voru Guðmundur Gígjar Sigurbjörnsson og Jón Vilberg Böðvarsson. Allt eru þetta nemendur við Framhaldsskólann á Laugum. Frjálsíþróttir fyrir 5.b og eldri voru 1x í viku en auk þess var boðið upp á tvær styrktar- og þrekæfingar í viku. Þjálfari var Gunnhildur Hinriksdóttir. Því miður voru ekki æfingar í bogfimi vegna þjálfaraleyis. Líkt og í vor var allt íþróttastarf fellt niður

um þriggja vikna skeið í nóvember vegna sóttvarnaaðgerða og iðkendur hafa þurft að sinna persónulegum sóttvörnum betur en oft áður til að fyrirbyggja dreifingu smits. Einnig hélt fjölskyldutíminn sér í töflunni en það mætti mögulega gera eitthvað meira úr honum.



Fullorðinsstarf

Þrír kepptu undir merkjum Umf. Eflingar í bogfimi á árinu. Guðmundur Smári Gunnarsson og Tómas Gunnarsson fóru á Íslandsmótið innanhúss í Reykjavík. Tómas sigraði alþjóðlegt mót sem haldið var samhliða Íslandsmótinu og varð í 2. sæti í 50+ flokki og í 3. sæti í opnum flokki á Íslandsmótinu sjálfu. Guðmundur Smári keppti í opnum flokki á Íslandsmótinu, komst í úrslitin og endaði í 2. sæti. Ásgeir Ingi keppti á Íslandsmótinu utanhúss í sumar og varð í 5. sæti þar, hann keppti einnig á Ice-cup mótaröðinni innanhúss. Við vonum svo að covid fari að kveðja okkur og æfingar geti farið á fullt næsta vetur. Eflingarfólk er frekar sigursælt á mótum og öflugir keppendur. Bogfimimaður ársins er tilnefndur Tómas Gunnarsson.

Blaknefnd Eflingar bauð upp á æfingar 2x í viku, á mánudags- og miðvikudagskvöldum kl. 20:00, í íþróttahúsinu á Laugum, frá byrjun september og þar til það varð óheimilt sökum sóttvarnareglna í mars 2020. Um 20 karlar voru virkir en fastur kjarni taldi þó eingöngu um 12. Um veturinn var farið á nokkur skemmtiblakmót á Norðurlandi en ekkert varð af því að Efling héldi slíkt mót og þá féll hið árlega stórmót blakara niður, Öldungur, sem fara átti fram í Vestmannaeyjum. Karlarnir fjármögnuðu blakið að fullu sjálfir. Blakari ársins af leikmönnum var kjörinn: Jóhann Ágúst Sigmundsson.

Golfvöllurinn var opinn allt sumarið 2020. Starfsmaður vallarins var Ásgeir Ingi Unnsteinsson sem vann við slátt á vellinum, skólalóð FL og íþróttavöll í samstarfi við FL og Dalakofann. Einnig starfaði Konráð Erlendsson mikið við völinn í sjálfböðastarfi. Ekkert keppnisgolf var spilað á vegum Eflingar í sumar en ágætis notkun var þó á vellinum.

Önnur verkefni

Af öðrum verkefnum ársins þá fór Þorablot Umf. Eflingar fram þann 1. febrúar 2020, ágætis aðsókn var og spilaði hljómsveitin Gourmet undir dansi. Umhverfisdagur var haldinn þann 15. júní þar sem vaskir félagar hreinsuðu rusl meðfram þjóðvegum í gegnum Reykjadal og enduðu í pylsugrilli við Breiðumýri eins og vant er. Árleg jólaspila-vist féll hins vegar niður vegna samkomubanns.

Þjóðhátíðarnefnd stóð fyrir hátíðahöldum þann 17. júní í blíðskaparveðri. Boðið var upp á andlistmálun fyrir skrudgönguna, hoppukastala, teymt undir á hestum, bíósýningu í Próttó, sjoppu og grill. Hátíðarræðuna flutti Gísli Sigurðsson og fjallkona var Eydis Helga Pétursdóttir.

Stjórn fundaði nokkrum sinnum yfir árið til að skipuleggja starfið. Á fundi stjórnar og íþróttanefndar að hausti 2020 var framtíð íþróttamála í sveitarfélaginu rædd. Fundarmenn voru jákvæðir gagnvart stofnun nýs félags sem tæki yfir hlutverk nokkurra ungmennafélaga í sveitarfélaginu.

Stjórn Eflingar færir öllum þeim fjölmörgu sjálfböðaliðum sem koma að og styðja við starfið bestu þakkir fyrir ómetanleg framlög þeirra í formi krafta og tíma. Hvert það félag sem á slíka að sem Umf. Efling dafnar og vex.

Stjórn Umf. Eflingar



Ungmennafélagið Einingin

Þorablot Einingarinnar var haldið áður en áhrifa COVID fór að gæta í samfélaginu og var samkoman haldin fyrsta laugardag í þorra. Mæting var að vanda góð en þessi samkoma er stærsta og stundum eina fjárfloflun félagsins. Í febrúar fór félagið í að breyta skráningu í átaki RSK um skráningu raunverulegra eigenda. Félaginu var boðið upp á að taka þátt í fótboltaæfingum á Laugum á vegum Fótboltaakademíunnar en enginn skráði sig frá félaginu. Fimleikaæfingar héldu áfram eftir áramót í Kiðagili og einnig var byrjað á æfingum fyrir fullorðna. Aðeins tókst að halda tvær fullorðins æfingar áður en öllum æfingum var frestað vegna tilmæla UMFÍ. Til stóð að bjóða aftur upp akstur í sund á vormánuðum en það féll niður eins og aðrar æfingar. Ekki var haldinn aðalfundur og ársþingi HSP sem halda átti á Þórshöfn var frestað vegna COVID.



Nokkrar Stubbaboltaæfingar, sem eru léttar fótboltaæfingar fyrir unga krakka, voru í sumar en þó færri en til stóð. Nokkrir krakkar frá Einingunni æfðu íþróttir á Stórutjörnum sem ungmennafélagið Bjarmi stóð fyrir, þegar það var í boði. Formaður tók þátt í formanna fjarfundi á vegum HSP í nóvember þar sem rætt var um starf félaganna á COVID ári, sagðar fréttir frá HSP og rætt um fleiri málefni.

Styrkur fékkst frá SSNE til að byggja upp afþreyingu í kringum íþróttasvæði Einingarinnar.

Í heild má segja að starfsárið 2020 hafi verið fremur rólegt og má segja að COVID-19 hafi sett töluverðan svip á starf félagsins.

Sigurlína Tryggvadóttir, formaður

Ungmennafélagið Geisli

Starfsemi Geisla var mjög lítil á árinu. Krakkar á svæðinu voru í íþróttum hjá Völsungi og Eflingu

Árni G. Helgason, formaður

Ungmennafélag Langnesinga

Þjálfarar og æfingar

Árið 2020 hefur verið mjög frábrugðið ár líkt og margir vita sökum covid. Æfingar hafa þó gengið vel þrátt fyrir allt hjá félaginu. Við höfum haldið úti nokkuð eðlilegu starfi fyrir utan covid æfingastopp en markmiðið hjá félaginu er að reyna að hafa alltaf eina einstaklingsíþrótt og eina hópíþrótt í boði fyrir krakkana.



Á vorönn var knattspyrna sem Þorsteinn Ægir Egilsson sá um og frjálsar íþróttir og fimleikar sem Ágústa Lind Jóhannesdóttir sá um. Sumarönnin gekk alveg einstaklega vel en þar var boðið upp á frjálsar íþróttir sem Erla Rós Ólafsdóttir sá um með Dagný Rós Kristjánsdóttir og Katrínu Rúnarsdóttir sér til aðstoðar, og knattspyrnu sem Þórarinn Jakob Þórisson, Kristján Úlfarsson og Valgerður Sæmundsdóttir sá um. Tveggja vikna leikjaskóli var fyrir leikskólabörn ásamt yngstu börnunum í grunnskóla sem Katrín Rúnarsdóttir og Dagný Rós Kristjánsdóttir sá um ásamt Sólrúnu Arney Siggeirsdóttir sem sá um skipulag en meðal annars var þar í boði hjólaferð, veiðiferð, fjársjóðsleit og margt fleira og mikil ánægja með skólann. Í fótbolta prufuðum við nýja aðferð á sumarönninni en það var að hafa allan aldur saman á hverri æfingu og skipta svo æfingunni upp og voru 2-3 þjálfarar á hverri æfingu. Þetta tókst mjög vel og mikið líf og fjör á vellinum. Frjálsar íþróttir voru þó með hefðbundinni aldurs-skiptingu og gengu þær æfingar vel og þá sérstaklega hjá yngsta- og miðstiginu.

Við fengum til okkar þjálfara í sumar annarsstaðar frá en Helgi "Moli" Ásgeirsson kom til okkar með æfingabúðir í knattspyrnu eina helgi, Siguróli "Moli" kom til okkar með grasrótarverkefni KSÍ og Gunnhildur Hinriksdóttir kom til okkar með frjálsíþróttæfingu. Einnig fengum við Sigurð Donys Sigursson til okkar reglulega í sumar með æfingar í knattspyrnu. Þrjár stelpur frá UMFL tóku svo þátt í Íslandsmótinu í knattspyrnu með Einherja og stóðu sig virkilega vel þar.

Á haustönn var knattspyrna og frjálsar íþróttir sem Álfrún Marey Eypórsdóttir og Lovísa Margrét Kristjánsdóttir sá um og þá byrjuðum við einnig með blak sem Anna María Ólafsdóttir sá um og hefur verið virkilega vel sótt. Fyrirhugað var að byrja með íþróttir fyrir eldri borgara og einnig með leikjaskóla fyrir leikskólabörn nú á haustönn en sökum covid hefur það ekki mátt þannig það byrjar á nýju ári. Félagið ætlar að hafa æfingar fyrir þessa tvo hópa endurgjaldslaust.

Einn þjálfari hjá félaginu er með íþróttakennaranám til B.ed gráðu en það er Þorsteinn Ægir Egilsson sem jafnframt er yfirþjálfari UMFL. Þá tók Álfrún Marey Eypórsdóttir fyrsta stig í þjálfunarfræði ÍSÍ sem félagið borgaði fyrir. Öllum þjálfurum á árinu vill stjórn félagsins þakka fyrir vel unnin störf.

Mót, keppnir og æfingabúðir

Minna hefur verið um mót, keppnir og æfingabúðir á árinu sökum covid en við höfum þó átt nokkra einstaklinga sem hafa farið. Í knattspyrnu var farið á Stefnumót KA í 6.flokki karla og kvenna og 7. flokki karla en þar er ekki síður lagt upp úr því að hafa gaman en keppni. 6.flokkur karla fór loks á margfrestað Goðamót Þórs þar sem strákarnir gerðu sér lítið fyrir og unnu sinn riðil og komu heim með bikar. Samstarf var á milli UMFL og Einherja frá Vopnafirði í 5. flokki karla í sumar. Tók liðið þátt á N1 mótinu þar sem þeir enduðu í 4.sæti í sínum riðli og er það virkilega flottur árangur hjá þeim. Einnig tók UMFL/Einherji þátt í Íslandsmótinu og þar vorum við með tvo heimaleiki hér á Þórshöfn sem var virkilega skemmtilegt. Þetta samstarf tókst vel og stóðu strákarnir sig með stakri þrýði en lið frá UMFL hefur ekki tekið þátt í Íslandsmóti til fjölda ára og var því einstaklega gaman að taka þátt í þessu verkefni og verður vonandi áframhald á því í komandi framtíð.



Í frjálsum íþróttum áttum við nokkra keppendur sem kepptu ýmist undir nafni UMFL eða HSP. Keppendur frá okkur fóru á Stórmót ÍR, Sumarleika HSP og á Meistarasmót Ísland 11-14 ára og áttum við nokkra einstaklinga á þessum mótum á verðlaunapalli með frábærann árangur í mörgum greinum. Sólarhringsæfingabúðir voru haldnar á Laugum í sumar og áttum við 8 iðkendur þar. Félagið greiddi þátttökugjaldið fyrir alla sína iðkendur í því verkefni.

Hið gamla og rótgróna Ásbyrgismót féll því miður niður á þessu ári sökum covid. Félögin á svæðinu sem hafa staðið fyrir þessu móti hafa lauslega rætt saman um að breyta

þurfi þessu móti og eru þau mál til skoðunar.

Afreksíþróttakonan okkar, hún Erla Rós Ólafsdóttir tók að sjálfsgöðu þátt í mótum á árinu en þau voru heldur færr en venjulega sökum covid. Hennar aðalgrein er spjótkast en hún tók þátt á Sumarleikum HSP þar sem hún endaði í fyrsta sæti og á Unglingameistaramótinu í Hafnafirði þar sem hún endaði í öðru sæti. Hún Erla Rós er einstakur íþróttamaður, frábær fyrirmynd og á eftir að ná langt í sinni grein. Við í stjórn eru mjög stolt af henni líkt og öllum öðrum okkar keppendum og óskum við þeim öllum góðs gengis á nýju keppnisári.

Hingað til hefur félagið greitt öll þátttöku- og mótsgjöld fyrir alla sína iðkendur á öllum mótum og keppnum innanlands. Eftir miklar vangaveltur ákvað stjórn að breyta því fyrirkomulagi þar sem ekki allir iðkendur hafa sömu tækifæri á að mæta á mót og/eða keppnir og ákvað því á fundi sínum 25.11.20 að setja nýjar reglur varðandi greiðslur á mótsgjöldum og fjáröflunum. Á sama fundi samþykkti stjórn reglur sem kveða á um hlutverk þjálfara, tengiliða og reglur um hóp á facebook undir nafni UMFL.

Eins og sést á þessari upptalningu hér að ofan þá eigum við í UMFL fullt af flottum og efnilegum krökkum sem hafa staðið sig alveg einstaklega vel innan vallar sem utan. Félagið vekur alltaf athygli þar sem við erum og okkur hrósað í hástert fyrir góða frammistöðu komandi af svona litlum stað. Foreldrar hafa líka verið einstaklega duglegir að fylgja börnunum sínum á þessi mót og keppnir, hvort sem er í foreldrahlutverkinu eða sem tengiliðir og gerir það þetta allt svo mikið skemmtilegra að vera ein stór heild frá litlum stað þar sem allir styðja við bakið á hver öðrum. Þegar allir vinna vel saman gengur allt svo miklu betur og eiga foreldrar stórt hrós skilið.

Önnur verkefni

Fjárafilanir eru stór liður hjá félaginu og skiptir félagið miklu máli. Aðal fjárafilanir félagsins eru dósasöfnun og sala á wc- og eldhúspappír og rækjum og höldum við ótrauð áfram með þær. Við hvetjum hér með foreldra jafnt sem iðkendur til að vera enn öflugri í að mæta í fjárafilanir því margar hendur vinna létt verk og þetta skiptir okkur svo miklu máli.

Félagið gerði pöntun á fatnaði fyrir félagsmenn en félagið verslar fót frá Macron og litir okkar eru gulur og svartur. Bættist við ný íþróttataska, peysa og jakki í þetta skiptið. Einnig voru keyptar húfur merktar félaginu og fjölnota grímur með félagamerkinu. Gekk sú sala mjög vel og allar grímurnar seldust upp. Félagið gaf öllum krökkunum í grunnskólanum slíkar grímur og merkti hverja og eina grímu með skammstöfum viðkomandi en einnig gáfum við leikskólabörnunum grímur.

Félagið á öllu jafna góðan lager af rækjum og wc- og eldhúspappír sem við fáum að geyma í félagsheimilinu. Einnig eigum við 4 kanó og kanókerru sem við höfum fengið að geyma hjá björgunarsveitinni en tvisvar í sumar héldum við kanódag þar sem krakkarnir komu og léku sér á bátunum í blíðskaparveðri og mikil gleði. Við erum með

litla skrifstofu í íþróttahúsinu þar sem við geymum minni söluvarning, búninga og fleira. Dósakúlu eigum við sem er staðsett fyrir utan Hauksbúð. Allar okkar dósir úr dósasöfnunum fáum að geyma í Beitningarhöll Langesbyggðar þar sem við fáum einnig að geyma pönnuvöllinn okkar. Einnig eigum við 6 mörk sem eru á fótbolta-vellinum og allur okkar íþróttabúnaður er í íþróttahúsinu.

Við endurnýjuðum margt í búnaði félagsins fyrir sumarið svo sem frjálsíþróttadót, vesti og þjálfarafatnað. Einnig fjárfesti félagið í pönnuvelli sem hefur vakið mikla lukku.

Mikill áhugi er hjá félaginu að bæta æfingaraðstöðu félagsins útivið í samvinnu við sveitarfélagið. Er sú vinna hafin og á fundi stjórnar 25.11.20 var ákveðið að allar þær dósir sem félagið fær til 3 ára (2020, 2021 og 2022) verða eyrnamerkta tartanbraut og uppbyggingu á íþróttasvæðinu. Þetta verkefni er mjög stórt og myndi breyta miklu fyrir alla íþróttaiðkun á staðnum og erum við því virkilega spennt fyrir þessu verkefni.

Æfingagjöld eru innheimt þrisvar á ári eftir annarskiptingum en við skiptum árinu upp í vor-, sumar- og haustönn og eru æfingagjöld greidd fyrir hverja önn. Þetta fyrirkomulag hefur verið síðan 2016 og hefur tekist mjög vel til. Fullt æfingagjald er greitt fyrir fyrstu tvö börnin. Systkin eftir það fá frítt. Þá er vert að minnast á frístundarstyrk sem foreldrar barna í Langesbyggð og Svalbarðshreppi geta sótt um sem er frábært mál. Áfram er starf UMFL tengt skóladagatali og er það einróma álit stjórnar að það sé til fyrirmyndar að halda því til streitu sé þess nokkur kostur. Með þessu fyrirkomulagi er gott fyrir foreldra að vita hvenær er frí frá æfingum.

Grasrotarverkefnið "komdu í fótbolta með Mola" hjá KSÍ kom til okkar í sumar líkt og árið áður. Þar kom Moli með tvo pönnuvelli til okkar og hélt æfingu fyrir krakkana þar sem um 20 krakkar mættu og höfðu mjög gaman af. Moli lánaði okkur svo annan völlinn þar sem okkar var ekki kominn sem við pöntuðum. Svona verkefni hefur svo mikla þýðingu fyrir svona litla staði eins og okkar og var virkilega gaman að fá Mola til okkar.

Við erum mjög ánægð og áhugasöm um Skólahreystið en það er valgrein í Grunnskólanum á Þórshöfn. Við í stjórninni viljum endilega styðja við og styrkja þessa flottu valgrein og því gáfum við hópnum tvo bolta (10kg og 20 kg) til æfingar.

Eigandi Knattspyrnuakademíu Norðurlands, hann Þórólfur eða Tóti sýndi okkur mikinn áhuga og vildi koma til okkar með knattspyrnuskóla sem við héldum í desember og tókst ljómandi vel en 22 krakkar mættu í skólann.



Nefndir, ráð og/eða stjórnir hjá HSP

Við í UMFL eigum tvo fulltrúa í nefnd, ráði eða stjórn HSP á þessu ári en það er Jónas Egilsson sem er í stjórn HSP og situr þar sem formaður. Einnig situr Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir í Unglingalandsmótsnefnd og í frjálsíþróttarráði HSP. Stjórn þakkar þeim báðum kærlega fyrir sína vinnu þar.

Facebook

Stjórn félagsins finnst skipta miklu máli að allir fái að fylgjast með okkur og okkar starfi og höfum því verið virkilega dugleg að nota facebook síðu okkar í þeim tilgangi. Þar setjum við inn allt sem við erum að gera í máli og myndum svo vel hefur verið tekið eftir. Við höfum fengið mikið af skilaboðum frá fólki um allt land sem tekur eftir okkar félagi og hversu virkt það er sem gefur okkur enn meiri by undir báða vængi. Okkur finnst líka einstaklega gaman að birta jákvæðar fréttir af fyrrum iðkendum UMFL eða brottfluttum Langnesingum sem eru að gera góða hluti. Upplýsingafulltrúi UMFÍ er einn þeirra sem tók eftir þessari miklu virkni okkar og jákvæðni á okkar síðu og hafði samband við formann félagsins og lýsti yfir mikilli ánægju með okkar störf og í framhaldi gerði grein um okkur og okkar starf í Skinfaxa blaði UMFÍ.

Aðalfundur UMFL

Aðalfundur fyrir árið 2019 var haldinn 25.maí í Þórsveri. 7 áhugasamir einstaklingar buðu sig fram til nýrrar stjórnar og hlutu þau kosningu. Nýja stjórn skipa: Valgerður Sæmundsdóttir formaður, Þorsteinn Ægir Egilsson varaformaður, Gréta Bergrún Jóhannesdóttir ritari, Úlfhildur Ída Helgadóttir gjaldkeri, Sóley Vífilisdóttir meðstjórnandi, Lára Björk Sigurðardóttir varamaður og Jóhann Hafberg Jónasson varamaður. Stjórnarmenn skipta svo milli sín málum. Knattspyrnumál: Valgerður, Gréta og Þorsteinn. Frjálsíþróttamál: Valgerður, Lára Björk og Sóley. Fjárflyanir og styrkir: Úlfhildur og Gréta. Fráfarandi stjórn er Almar Marinósson, Hjördís Matthilde Henriksen, Vilborg Stefánsdóttir, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir, Siggeir Stefánsson og Sara Stefánsdóttir og þökkum við þeim öllum kærlega fyrir sitt innlegg til stjórnar félagsins.

Annað

Við í nýrri stjórn höfum brennandi áhuga á því að drífa félagið áfram og erum með miklar og stórar hugmyndir fyrir framhaldið. Fyrsta verk okkar var að ræða við sveitarfélagið um samstarf og samvinnu til að byggja upp íþróttasvæðið og almenna afþreyingu í sveitarfélaginu ásamt því að fara í samstarf varðandi þjálfaramál hjá félaginu. Sú samvinna hefur gengið einstaklega vel. Hvað varðar framtíð íþróttasvæðisins þá er sú vinna í gangi og er verið að móta framtíðarskipulag svæðisins og að skipta því verki upp í áfanga og gera kostnaðaráætlun. Vonumst við svo sannarlega til að fyrsti áfangi klárast í næsta sumar.

Félagið hefur í samstafi við sveitarfélagið og frábæra einstaklinga og fyrirtæki í bænum komið upp ærslabelg



og frisbígolfvelli. Við í stjórninn eru virkilega stolt yfir þessu verkefni og að hafa komið þessu upp og viljum við þakka þeim Jónasi Jóhannssyni, Þorbjörgu Þorfinnsdóttur og BJ vinnuvélum fyrir sinn einstaka hlut í þessu verkefni.

Við eru mjög ánægð með okkar störf á árinu og finnst okkur vel hafa tekist til þrátt fyrir covid ár. Margt var á dagskrá hjá okkur á árinu sem ekki tókst að gera sökum covid eins og t.d. reglulegir félagafundir, knattspyrnufundur, fá fleiri þjálfara annarsstaðar frá í heimsókn til okkar, hið árlega UMFL hlaup, frjálsíþróttabúðir HSP á Þórshöfn, knattspyrnuskólar og svo mætti lengi telja en það kemur ár eftir þetta ár og þá munum við gera ýmislegt saman. Við í nýrri stjórn finnum mikinn meðbyr með okkar störfum bæði frá foreldrum, fyrirtækjum, sveitarfélagi og íbúum á staðnum og höldum því ótrauð áfram í okkar uppbyggingarstarfi fyrir félagið.

Að lokum viljum við þakka öllum okkar styrktaraðilum sem styrkja okkur árlega og þeim einstaklingum og fyrirtækjum sem hafa styrkt okkur í einstaka verkefnum á árinu. Einnig viljum við þakka iðkendum okkar fyrir árið og einnig foreldrum þeirra sem eru ekki síður mikilvægir því ef ekki væru foreldrar þá væru engir iðkendur.

Takk fyrir okkur og áfram UMFL

Valgerður Sæmundsdóttir, formaður

Ungmennafélagið Leifur heppni

Engin starfsemi var hjá félaginu á árinu, og hefði líklega ekki orðið heldur þó svo að Covid hefði verið til friðs. Í stjórn eru Salbjörg, Gugga og Ágústa.



F.h. stjórnar, Salbjörg Matthíasdóttir

Heiðranir UMFÍ og ÍSÍ

Gullmerki UMFÍ

Héraðssamband Þingeyinga	Ártal
Sigfús Haraldur Bóasson	2014
Anna Sigrún Mikaelisdóttir	2014

Héraðssamband Suður-Þingeyinga	
Arnór Benónýsson	2006
Kristján Yngvason	1997
Óskar Ágústsson	1976

Starfsmerki UMFÍ

Héraðssamband Þingeyinga	Ártal
Guðrún Kristinsdóttir	2018
Kristján I Jóhannesson	2017
Arngeir Friðriksson	2016
Jóhanna S. Kristjánsdóttir	2015
Jón Þórir Óskarsson	2015
Magnús Þorvaldsson	2015
Freydís Anna Arngrímsdóttir	2014
Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir	2014
Björn Ingólfsson	2013
Birna Björnsdóttir	2012
Þóra Fríður Björnsdóttir	2011
Linda M. Baldursdóttir	2010
Hermann Aðalsteinsson	2010
Sölvi Steinn Alfreðsson	2009

Héraðssamband Suður-Þingeyinga	
Haraldur Bóasson	2008
Arnór Benónýsson	2006
Baldur Daníelsson	2006
Anna S. Mikaelisdóttir	2005
Pétur Yngvason	2000
Sigurður V. Sigmundsson	1992
Halla Loftsdóttir	1988
Völundur Hermóðsson	1988
Guðni Halldórsson	1987
Kristján Yngvason	1987
Freyr Bjarnason	1984
Svanhildur Hermannsdóttir	1984
Þormóður Ásvaldsson	1984
Þormóður Jónsson	1977
Vilhjálmur Pálsson	1977
Arngrímur Geirsson	1976
Arnaldur Mar Bjarnason	1975
Eysteinn Hallgrímsson	1973
Gunnlaugur Tr. Gunnarsson	1973
Þórður Jónsson	1973
Óskar Ágústsson	1971
Stefán Kristjánsson	1971

Ungmennasamband Norður-Þingeyinga

Aðalbjörn Gunnlaugsson	1986
Brynjar Halldórsson	1975

Heiðursorða ÍSÍ

Óskar Ágústsson	Ártal
	1970

Gullmerki ÍSÍ

Héraðssamband Þingeyinga	Ártal
Jón Fr. Benónýsson	2019
Jóhanna S. Kristjánsdóttir	2015
Anna Rúna Mikaelisdóttir	2010
Arnór Benónýsson	2010

Héraðssamband Suður-Þingeyinga	
Halldór Bjarnason	1997
Magnús Þorvaldsson	1997
Vilhjálmur Pálsson	1984
Þormóður Ásvaldsson	1984
Jónas Geir Jónsson	1977
Gunnlaugur Jónsson	1974
Þormóður Jónsson	1974
Þórður Jónsson	1974
Sigurður P. Björnsson	án ártals
Óskar Ágústsson	1964

Silfurmerki ÍSÍ

Kristján Stefánsson	2019
Kolbrún Ívarsdóttir	2018
Baldvin Kristinn Baldvinsson	2018
Birna Davíðsdóttir	2017
Helen Jónsdóttir	2017
Elísabet Sigurðardóttir	2016
Hulda Skarphéðinsdóttir	2016
Torfhildur G. Sigurðardóttir	2015
Ágústa Pálsdóttir	2014
Fríðrika Björk Illugadóttir	2013
Stefán Jónasson	2012

Héraðssamband Suður-Þingeyinga	
Anna Sigrún Mikaelisdóttir	1997
Hanna Stefánsdóttir	1997
Ingólfur Freysson	1997
Jóna Matthíasdóttir	1997
Ævar Ákason	1997

Íþróttamaður HSP

Héraðssamband Þingeyinga

Ártal	Nafn	Félag
2019	Harpa Ásgeirsdóttir	Völsungur
2018	Þórarinn Ragnarsson	Snæfaxi
2017	Eyþór Kári Ingólfsson	Einingin
2016	Thelma Dögg Tómasdóttir	Grani
2015	Jóhannes Friðrik Tómasson	Efling
2014	Kristbjörn Óskarsson	Völsungur
2013	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2012	Signý Stefánsdóttir	Mývetningur
2011	Hafdís Sigurðardóttir	Bjarmi
2010	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2009	Bjarni Þór Gunnarsson	Mývetningur
2008	Hafdís Sigurðardóttir	Bjarmi

Héraðssamband Suður-Þingeyinga

Ártal	Nafn	Félag
2007	Hafdís Sigurðardóttir	Bjarmi
2006	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2005	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2004	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2003	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2002	Pálmi Rafn Pálmason	Völsungur
2001	Hildigunnur Káradóttir	Mývetningur
2000	Inga Gerða Pétursdóttir	Mývetningur
1999	Sigurbjörg Hjartardóttir	Völsungur
1998	Arngeir Friðriksson	Efling
1997	Sigurbjörn Árni Arngrímsson	Mývetningur
1996	Arngeir Friðriksson	Efling
1995	Valgerður Jónsdóttir	Efling
1994	Gunnhildur Hinriksdóttir	Eilífur
1993	Sigurbjörn Árni Arngrímsson	Mývetningur
1992	Sigurbjörn Árni Arngrímsson	Mývetningur
1991	Margrét Hermannsdóttir	Magni
1990	Unnar Vilhjálmsson	Efling
1989	Ágústa Pálsdóttir	Einingin
1988	Jónas Óskarsson	Völsungur
1987	Ágústa Pálsdóttir	Einingin
1986	Kristján Olgeirsson	Völsungur
1985	Sólveig Árnadóttir	Efling
1984	Kristján Hjálmarsson	Völsungur
1983	Eyþór Pétursson	Mývetningur
1982	Stefán Geir Jónsson	Völsungur
1981	Vignir Valtýsson	Bjarmi
1980	Ragna Erlingsdóttir	Bjarmi
1979	Björn Olgeirsson	Völsungur
1978	Bergþóra Benónýsdóttir	Efling
1977	Kristján Olgeirsson	Völsungur
1976	Ingi Yngvason	Mývetningur
1975	Ingi Yngvason	Mývetningur

Íþróttamenn ársins 2020

Blakmaður HSB

Arney Kjartansdóttir - Völsungur

Arney Kjartansdóttir er blakkona Völsungs 2020. Arney er fjölhæf og öflug blakkona sem getur leyst allar stöður á vellinum. Hún er drífandi og röggssöm á velli og leggur sig ávallt fram um að skila sínu hlutverki sem allra best. Arney hefur leikið með yngri landsliðum Íslands í blaki og gegnir hlutverki sem fyrirliði Meistaraflokksliðs Völsungs í 1. deild þessi misserin.



Bocciamaður HSB



Ásgrímur Sigurðsson - Völsungur

Ásgrímur er öflugur bocciaspilar, hann hefur æft og spilað með Völsungi til fjölda ára. Dugnaður, ástundun og áhugi með einsdæmum, en öll árin hefur hann mætt nánast á allar æfingar þó hann þurfi að sækja æfingar um 150 km leið.

Árið 2020 var afar óvenjulegt íþróttarár vegna Kórónaveirunnar, æfingar stoppu- lar og öllum helstu mótum ársins, eins og Íslandsmótum, aflýst. Því var árið hjá Ásgrími afar óvenjulegt og ekki í hans anda. Á landsvísi er Ásgrímur í 1.deild, bæði sem einstaklingur og í A-sveit Völsungs, og hefur því skipað sér í hóp bestu Bocciamanna landsins og verið í hópi þeirra nú til margra ára.

Eina mót ársins hjá bocciafólki Völsungs var Opna Húsavíkurmótið, sem haldið var í febrúar s.l., þar gerði Ásgrímur sér lítið fyrir, vann Opna Húsavíkurmótið og ber titilinn „Húsavíkurmeistarar í boccia“. Glæsilegur árangur hjá Ásgrími. Þrátt fyrir þetta furðulega íþróttarár, er áhugi og ástundun Ásgríms óbilandi og hann áfram öflugur liðsmaður í góðum hópi fatlaðs íþróttafólks hjá Völsungi. Hann er ávallt félagi sínu Völsungi til mikils sóma og hrókur alls fagnaðar í keppnisferðalögum og félagsstarfi innan deildarinnar.

Helsti árangur:

Ásgrímur hefur keppt til fjölda ára á öllum helstu mótum innan Íþróttasam- bands fatlaðra (ÍF), Íslandsmótum, Hængsmótum, Norðurlandsmótum, komist oft í úrslit og unnið titla. Síðasta ár bauð ekki upp á slíkt og því lítið um keppni. Á árinu 2020 var Ásgrímur sigurvegari á Opna Húsavíkurmótinu og því Húsa- víkurmeistari í Boccia 2020.

Bogfimimaður HSB

Tómas Gunnarsson – Umf. Efling

Tómas fór ekki á mörg mót en stóð sig ákaflega vel á þeim sem hann tók þátt. Þar má helst nefna Íslandsmeistaramótið innanhúss sem haldið var í Reykjavík. Þar lenti Tómas í 2. sæti í 50+ keppninni og í 3. sæti í opnum flokki. Á alþjóðlegu móti sem haldið var samhliða varð Tómas í 1. sæti.



Frjálsíþróttamaður HSP

Erla Rós Ólafsdóttir - Umf. Langnesinga

Árið 2020 var ekki stórt keppnisár fyrir frjálsíþróttafólk. Erla Rós Ólafsdóttir í Umf. Langnesinga æfði ágætlega eins og sóttvarnaraðgerðir og aðstaða leyfði og lét ekki eftir sér að skutlast um 200 km leið til þess að mæta á æfingar á næsta frjálsíþróttavöll á Laugum yfir sumarið. Covid tók af okkur öll plön varðandi keppnir utan landsteinanna en Erla hefur um árabíl verið einn efnilegasti spjótkastari landsins og oftast en einu sinni staðið á efsta palli í sínum aldursflokki. Árið 2020 keppti hún aðeins á tveimur mótum og varð í 1. sæti á Sumarleikum HSP í 16-17 ára flokki og 2. sæti í 16-17 ára flokki á Unglingameistaramóti Íslands. Þá var hún áfram valin í Úrvalshóp FRÍ.



Knattspyrnumaður HSP



Guðrún Þóra Geirsdóttir - Völsungur

Guðrún Þóra er gríðarlega öflug og efnileg knattspyrnukona. Þrátt fyrir að vera eingöngu 16 ára gömul er Guðrún Þóra orðin einn af lykilmönnum Völsungs í knattspyrnu. Hún er frábær liðsmaður, bæði innan vallar sem utan, leggur sig ávallt fram og gerir miklar kröfur til sín og samherja sinna. Guðrún Þóra spilaði alla leiki meistaraflokks kvenna sumarið 2020 og leysti margar stöður á vellinum enda gríðarlega fjölhæfur leikmaður. Hún var markahæsti leikmaður meistaraflokks kvenna sumarið 2020 og fékk atkvæði í vali á liði ársins í Lengjudeildinni sem valið er af þjálfurum og fyrirliðum. Guðrún Þóra æfði með U-17 landsliðinu áður en öllum verkefnum þar var aflýst vegna heimsfaraldurs. Helsti árangur:

- Spilaði alla leiki fyrir meistaraflokk kvenna sumarið 2020.
- Var markahæsti leikmaður kvennaliðs Völsungs sumarið 2020.
- Fékk atkvæði í lið ársins í Lengjudeildinni sumarið 2020 (valið af þjálfurum og fyrirliðum).
- Æfði með U-17.
- Kjörin íþróttakona Völsungs fyrir árið 2020

Skotiþróttamaður HSP

Kristján R. Arnarson - Skotfélag Húsavíkur

Kristján var ötull við að stunda æfingar og tók þátt í fjölmörgum riffilmótum á vegum félagsins, víðs vegar um landið. Hann vann til verðlauna á bæði stórum og smáum mótum í flokki 22 cal riffla, og einnig í flokki stærri riffla. Má þar helst nefna:


3. sæti Íslandsmeistaramót í BR VFS 100-200 mtr.
3. sæti Íslandsmeistaramót í BR 50 Heavy varmint 22 cal.
1. sæti Skaust meistarinn á Egilstöðum. 100- 200 mtr.
1. sæti 500 mtr Egilsstaðir
1. sæti Akureyrarmeistaramót BR 50 .22 cal



Æfum alla ævi


Stefna Héraðssambands Þingeyinga á sviði hreyfingar, íþróttar og lýðheilsu

Ársmóti Héraðssambands Þingeyinga 2018 samþykkti að fela stjórn sambandsins mótun íþróttar- og æskulýðstefnu, Æfum alla ævi. Stefnan var lögð fram á ársþingi HSP 2019 og lýsti þingið ánægju sinni með stefnunni. Markmiðið með stefnumótuninni sjálfri er að bæta íþróttastarfið í heild sinni innan héraðs, en einstök markmið eru aukin hreyfing, íþróttir fyrir alla og efling sjálfbæðaliða.



Til þess að ná fram markmiðum stefnunnar voru settir fram fjórir megin þættir sem vinna þarf að til þess að bæta íþróttastarfið í héraði, þ.e. efla þátttöku, efla faglegt starf, efla sjálfbæðaliða og efla samstarf.

„Æfum alla ævi“ er stefna sem HSP mun vinna að í samvinnu við íþróttar- og ungmennafélög og sveitarfélög á sambandssvæði þess til þess að efla heilbriggt lífverni. Helstu markmið stefnunnar eru aukin reglubundin hreyfing, íþróttir fyrir alla og efling sjálfbæðaliða. Til þess að ná þessum markmiðum fram er stefnunni skipt niður í fjóra megin þætti sem saman styðja hver annan og efla.



Samantekt á stöðu og starfi HSP og aðildarféлага þess

Árið 2019 tók framkvæmdastjóri HSP saman yfirlit yfir starfsemi íþróttar- og ungmennafélaga innan sambandsins þar sem skýra heildarmynd af íþróttastarfinu í héraðinu hefur skort. Tilgangurinn var að ná fram og sýna þá mynd af því starfi sem er unnið í félögunum á svæðinu sem og þróun síðustu ára. Með samantektinni voru styrkleikar og veikleikar greindir samhliða því að lagðar voru fram til- lögur til úrbóta. Sjá á www.hsth.is/aefum-alla-aevi.

Helstu atriði:

- HSP telur í heildina 30 aðildarfélög, þar af sjö óvirk, í sjö sveitarfélögum.
- Íbúafjöldi svæðisins er tæplega 5500 manns.
- Fjöldi félagsmanna jafngildir því að nær 75% íbúa séu félagsmenn í aðildarfélögum HSP.
- Um 750 iðkendur eru skráðir á aldrinum 6-17 ára (106% íbúa aldurshópsins (tæplega 700 (98%) án iðkenda Skákfélagsins)).

- Rúmlega 1500 íbúa (34%) 18 ára og eldri eru skráðir iðkendur (1178 (27%) án skákfélagsins).
- Jafnt kynjahlutfall er meðal iðkenda 6-17 ára á meðan 70% iðkenda 18 ára og eldri eru karlmenn.
- Iðkendur eru skráðir í 20 íþróttagreinir, flestir í knattspyrnu (>500) og hestamennsku (um 450).
- Af 20 íþróttagreinum eru aðeins sjö greinar þar sem iðkendur koma frá tveimur eða fleiri félögum: blak, frjálsíþróttir, golf, hestamennska, knattspyrna, mótorsport og skotíþróttir.
- Frá árinu 2015 hafa iðkendatölur aukist um 17-18% á meðal 6-17 ára og 18 ára og eldri.
- Þátttaka 6-17 ára í hverju sveitarfélagi með virk aðildarfélög er >60% en nær ekki 25% meðal 18 ára og eldri (Skákfélagið ekki talið með).
- Starfið er erfitt á dreifbýlli svæðum, skortur er á þjálfurum og jafnvel iðkendum.

SVÓT-greining svæðisins

Styrkleikar - Fjölbreytt starf á Húsavík, íbúum í nær- og fjær-sveitum til góða - Sú íþróttaaðstaða sem er í hverjum þéttbýlis-kjarna og við núverandi skólastofnanir - Aðildarfélögin vilja halda úti starfi	Tækifæri - Íbúar svæðisins, breytt aldurssamsetning - Heilsueflandi samfélög / samvinna við sveitarfé-lögin - Almenningsíþróttir / smærri greinar sem krefjast færri iðkenda - Samvinna milli félaga
Veikleikar - Svæðið er stórt, byggðin er dreifð og hér er fá-menni - Þjálfaraskortur - Óvirk félög – óvirkir félagar – óvirk svæði - Skortur á samstarfi - Skortur á skipulögðu starfi fyrir fleiri/eldri aldurshópa	Ógnanir - Mörg fámenn félög – fáir íbúar - Óvirk félög – óvirkir félagar – óvirk svæði - Þjálfaraskortur - Hugarfarsbreyting - Aðstaða

Tillögur til úrbóta

Í stefnu HSB *Æfum alla ævi* eru lagðir til fjórir þættir til þess að vinna að þannig að markmiðum stefnunnar verði náð. Í samantektinni voru þessir þættir skoðaðir m.t.t. þeirrar stöðuggreiningar sem kom fram í skýrslunni:

Þátttaka. Þátttaka er grunnur að öllu starfi, ef ekki eru þátttakendur er starfið ekkert.

Tækifæri	Ógnanir
- Líta þarf til allra aldurshópa til þess að fjölga iðkendum. - Á öllum stöðum ætti að líta til samvinnu skóla og aðildarfélaga þannig að nemendur á yngsta stigi eigi kost á því að taka þátt í sínu skipulagða íþróttastarfi innan frístundar. - Á fámennari svæðum sérstaklega mætti huga að heilsueflingu, námskeiðum, skipulögðum æfingum og tilsögn sem hentar breiðari aldurshóp. Þjóða upp á almennari námskeið sem að ung-lingar og fullorðnir geta sótt til jafns – hér má bæði tilgreina einstalingsíþróttir en einnig það sem oft hefur flokkast sem almenningsíþróttir s.s. ganga, sund, hlaup, hjól, þrek o.s.frv. - Fjölmargir viðburðir og mót eru innan héraðs sem bæði aðildar-félögin og önnur samtök standa fyrir. Samráð félaga og samstarf getur hvatt til meiri þátttöku af svæðinu í slíkum viðburðum, eða opnað á tilkomu annarra viðburða eða héraðsmóta sem skortir innan héraðs. - Samstarf milli félaga í greinum sem krefjast þátttöku hópa af ákveðinni stærð. Ýmsar grunnæfingar er hægt að gera í smærri hópum en huga mætti að sameiginlegum æfingum og sameigin-legri þátttöku í mótum.	- Þjálfaraskortur er víða, jafnvel skortur á menntuðum íþróttakennurum í skólum á svæðinu, sem hefur leitt til þess að erfitt er að bjóða upp á starf þó að til þess sé vilji. - Langar vegalengdir bæði innan og á milli svæða.

Faglegt starf. Skýrslan sýndi að skortur á þjálfurum er hindrun fyrir frekara starfi innan aðildarfélaganna. Án þjálfara falla námskeið og annað niður sem félög vilja bjóða upp á til þess að efla sína iðkendur. Menntaðir þjálfarar er mikilvæg auðlind þannig að þátttakendur fái þjálfun og tilsögn sem hæfir aldri, þroska og getu.

Einnig kom fram að samstarf milli félaga virðist ekki vera mikið en slíkt getur verið mikilvægt bæði hvað varðar þjálfun og mótahald en einnig félagslegan auð. Þá skiptir máli að starf sjálfboðaliða sé skýrt og skilgreint til þess að laða fleiri að hreyfingunni og gera starfið skilvirkara og eins einfalt og hægt er fyrir þá sem taka það að sér.

Tækifæri	Ógnanir
• Þjálfaramenntun ÍSí. ÍSí býður reglulega upp á þjálfaranámskeið á almennum hluta menntunar þjálfara. Fyrstu tvö stigin í þjálfaramenntun ÍSí eru í boði þrisvar sinnum á ári og eru alfarið kennd í fjar-námi og því engin fyrirstaða að sitja þau hvar sem er í heiminum. Þessi námskeið gagnast öllum sem koma að barna- og unglingaþjálfun. • Sérsambönd ÍSí bjóða reglulega upp á þjálfaranámskeið. • Fræðslusjóður HSB veitir styrki til að niðurgreiða námskeiðsgjöld vegna þjálfaramenntunar til þess að minnka kostnað þátttakenda (eða aðildarféлага sem styrkja þjálfara til þess að sækja slík námskeið). • Verkefni ÍSí og UMFÍ Sýnum karakter er vettvangur til þess að efla þjálfara og iðkendur. Samtal og samstarf þjálfara um starf sitt og leiðir að markmiðum styrkir þá í sínum störfum. Þjálfarar sem eru að stíga sín fyrstu skref geta sótt hugmyndir í slíkt samstarf. • Miðlægur grunnur þar sem allir íþróttatengdir viðburðir innan héraðs koma fram til þess að auka sýnileika þess sem er í boði og hvetja til þátttöku. • Nýta aðferðafræði fyrirmyndarféлага ÍSí til þess að skoða hvar félög geta bætt og skilgreint störf þeirra sjálfboðaliða sem koma nýir inn í hreyfinguna til þess að einfalda eðlilega veltu.	• Sérsambönd ÍSí eru misdugleg að bjóða upp á sérgreinahluta þjálfaramenntunar ÍSí. Þessi námskeið eru oftast kennd í staðnámi. • Langar vegalengdir innan héraðs fyrir þjálfara til þess að koma saman ef ekki gefst kostur að nýta fjarfundatækni. • Tímabrekk fyrir núverandi stjórnendur að fara að rýna í alla þætti félags síns um hvað mætti betur fara þannig að starfið yrði betra og skilvirkara og einfaldara fyrir nýja að koma inn í starfið.

Samstarf. Í ársskýrslum aðildarfélaganna verður ekki séð að samstarf milli félaga sé mikið. Heildarstarf í héraðinu yrði betra með meiri samvinnu, samtali og samstarfi.

Tækifæri	Ógnanir
• Sameiginlegar æfingar/æfingabúðir efla iðkendur og opnar á samtal milli þjálfara og félaga og færslu þekkingar. • Samstarf um þátttöku í mótum leyfir mögulega breiðari þátttöku auk þess að bæta félagsandann. • Samstarf um mótahald/viðburði dreifir mögulega álaginu á fleiri aðila • Samstarf við sveitarfélög um íþróttir og hreyfingu á yngsta stigi grunn-skólans. • Samstarf við sveitarfélög um íþróttir og hreyfingu eldri-borgara, utan álagstíma íþróttamannvirkja. • Samstarf við sveitarfélög vegna Heilsueflandi samfélags. • Sameiginleg stefnumörkun aðildarféлага varðandi stjórnun og störf sjálfboðaliða.	• Skipulag, ut anumhald og ábyrgð vegna sameiginlegra verkefna (æfingar, mót o.þ.h.) milli aðildarféлага, hver á að sjá um hvað. • Vegalengdir milli svæða vegna t.d. sameiginlegra æfinga.

Sjálfboðaliðar. Velta stjórnarmanna var ekki skoðuð sérstaklega í yfirlitinu yfir starf aðildarfélaga. Staðan er þó sú að stundum sitja stjórnarmenn lengi, sumir að eigin ósk og áhuga en aðrir af illri nauðsyn því enginn vill taka við félaginu, og stundum er veltan hröð og mikil bæði vegna álags og anna sem fylgja starfinu og því breytta samfélagi sem við búum í. Kröfur samfélagsins hafa breyst bæði til þeirra sem koma að íþrótt- og félagsstarfi, en einnig meðal okkar sjálfra t.d. varðandi eigin tíma og persónulegar þarfir. Sjálfboðaliðastarf íþróttahreyfingarinnar nær þó mun lengra en bara til stjórnenda aðildarfélaganna, það snýr í raun að nær öllu því sem félagið gerir.

Tækifæri	Ógnanir
• Miðlæg samvinna um stefnur og verkefni sem boðuð eru að ofan (s.s. varðandi stefnur og áætlanir í eineltismálum, jafnrétti, kynferðislegu áreiti og ofbeldi ásamt fleiru) þannig að þekking viðhaldist. • Miðlæg samvinna um ýmis konar utanumhald s.s. Felix, Nóra o.s.frv. • Miðlæg samvinna varðandi störf, skyldur og hlutverk stjórnarmanna og sjálfboðaliða s.s. í gegnum aðferðarfræði Fyrirmyndarfélaga ÍSÍ, hlutverk sjálfboðaliða í einstökum verkefnum o.fl. til þess að gera sjálfboðaliðastarfið aðgengilegra, meira aðlaðandi og til að tryggja eðlilega veltu sjálfboðaliða. • Sameining aðildarfélaga (á fámennum svæðum) til þess að treysta félögin, efla samstöðu, styrkja félagafjölda og dreifa álagi betur.	• Misjafnar þarfir og markmið aðildarfélaga, misjöfn aðstaða, misjöfn verkefni. • Gamlir sveitarígar, hefðir sem mögulega myndu falla niður.